



# Stöð

Skálar í Stöð á Stöðvarfirði  
Skýrsla VII



Bjarni F. Einarsson  
2022

Forsíðumyndin sýnir öxi sem fannst í rými 2 í yngri skálanum í Stöð (F.nr. 100. Ljósm.  
BFE).

# FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Janúar 2022

## Inngangur

Enn er uppgrefti haldið áfram í Stöð á Stöðvarfirði, nú sjötta sumarið, auk forrannsóknanna. Rannsóknina hófst þann 1. júni síðastliðinn, en þessi skýrsla er nr. VII sökum þess að skýrsla um prufurannsóknir 2015 hefur númerið I og því í raun um sjö rannsóknartímabil að ræða. Stöð tók á móti okkur fyrsta daginn með rigningu og kulda svo ekki var hægt að hefjast handa við rannsókn á skálunum fyrr en síðdegis. Búið var að taka yfirlreiðsluna af rétt áður, en þann starfa annaðist áhugahópurinn um rannsóknirnar. Þó var hægt að grafa í burtu áfokslögum ofan af öðrum svæðum með vél. Til leiks mættu, auk undirritaðs, fornleifafræðingarnir Jakob Orri Jónsson og Svavar Níelsson og BA nemarnir Anna Soffia Ingólfssdóttir (þriðja sumarið), Birna Árnadóttir, Ísak Freyr Valsson, Sigþór Bjarmi Valsson, Þorgerður Hjelm Daniëlsdóttir og MA neminn Göril Lambrechtse Thue. Einnig var Þorgeir Eríksson við uppgröftin allan tímann eins og öll önnur sumur. Aðrir erlendir einstaklingar, sem hafa verið með áður, komust ekki vegna Covit veirunnar.

Í byrjun mánaðarins var mjög votviðrasamt og kallt og hamlaði vinnu á þriðju viku. Hafði veðrið afgerandi áhrif á framgang uppgraftarins og því náðist ekki allt sem stefnt var að þetta summar. Í kjölfar veðursins fylgdu umgangspestar sem ekki bættu úr skák. Í lok mánaðarins var veðrið gott og þá tókst að ná nokkrum af þeim markmiðum sem stefnt var að.

Styrkir til rannsóknanna fengust frá Fornminjasjóði, Fjarðabyggð, Alcoa Fjarðarál, Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir í Stöð, auk fjölda heimamanna, sem færðu okkur kökur og kaffi eins og venjulega.

Helstu markmið sumarsins voru að klára rannsóknina á Húsi 2 og freista þess að fá stærð Húss 3 á hreint, en hún reyndist vera 11,10 x 43,37 m. Einnig var stefnt að því að staðfesta mannvirki austan við skálana. Sumt af þessu náðist, en það eina sem ekki náðist var að klára Hús 2, yngri skálann. Eftir eru aðeins veggirnir.

Úr húsi 3 voru tekin viðarkolasýni, til C-14 greininga.

Um staðhætti og sögubrot er vísað til fyrri skýrslna.

Fulltrúi heimamanna var Björgvin Valur Guðmundsson og eins og áður var hann okkur til halds og trausts við rannsóknirnar. Björgvin er í forsvari fyrir Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir í Stöð og tók í raun allur hópurinn þátt á einn eða annan hátt, bæði með fjárlun, tyrfingu, yfirlreiðslu og lánum á því sem þurfti til svo sem hjólbörum, dýnum, sængum, gröfu o.s.frv. Eins of fyrri sumur borðaði hópurinn hádegismat á Brekku og var það gjarnan hápunktur dagsins. Öllum þessum aðilum er þakkað fyrir afar ánægjuleg kynni og góðan hug. Það er ómetanlega dýrmætt að hafa slíka bakhjarla þegar rannsóknir sem þessar fara fram. Einnig er Náttúruminjasafni Íslands, Háskólanum í Kaupmannahöfn, Háskóla Íslands, dr. Hilmari J. Malmquist, próf. Snæbirni Pálssyni, próf. Þorvaldi Þórðarsyni, próf. Kurt H. Kjær, dr. Ólafi Eggertssyni og Evu Þorvaldsdóttur þökkuð aðstoðin. Að lokum er Landatangi ehf þakkað fyrir lán á gröfu.

Eins og mörg önnur sumur heimsótti hópur frá háskólanum í Earlham, USA, staðinn undir leiðsögn Próf. Charlie Peck, til að þjálfa nemendur í drónamyndatöku, LiDAR vinnu o.fl.

### Rannsóknin

Fyrsta verkið var að hreinsa allt svæðið við yngri skálann til að ná þeirri stöðu sem náð var í lok síðastliðins sumars. Einnig voru svæði í kring um Prh. 3 og Prh. B opnuð til frekari rannsókna og leit að húsum. Allt gólfíð í yngri skálanum var blautsigtað og sömuleiðis voru önnur mannvistarlög í prufuholunum blautsigtuð.

19 viðarkolasýni úr mannvistarlögum voru tekin og fimm gjóskusýni.

Teknar voru stafrænar myndir og drónamyndir eftir því sem uppgreftinum leið fram. Voru drónamyndir notaðar til að teikna flatarteikningar eftir. Settir voru út gulir krossar með norðurþílu ofan á hæla í hnitakerfinu svo hægt væri að leiðréttu þá litlu bjögun sem fylgir drónamyndunum.

Stefnt var að því að klára skálann, en sökum veðurs og umgangspesta náðist ekki að klára holu eina við hinn svokallaða steðja (fiskastein). Er það eina mannvirkið í yngri skálanum sem enn er órannsakað og reyndar ekki alveg á hreinu hvorum skálanum holan tilheyrir, þó steðjinn tilheyrir að öllum líkindum hinum yngri þar til að annað kemur í ljós.



Mynd 1. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. (Stafr. myndir nr. 321. Norður vísar upp. Ljósm. BFE).

### Hús 2 (lokálýsing?)

Nú er rannsókn á yngri skála nær lokið, fyrir utan stutta kafla á veggjum sem ekki er ljóst hvort tilheyrta hafa yngri eða eldri skála og mannvirkri rétt



Mynd 2. Næst síðasta myndin af yngri skálanum sem tekin var með dróna. Búið er að fjarlægja langeldinn að mestu og „*auka vegginn*“. Það sem sést innan skálans er að mestu gólfíð í eldri skálanum. Stéttin sést vel sunnan við skálann. (Stafr. myndir nr. 386 (skorin). Norður. víesar upp. Ljósm. BFE).

austur af landeldinum sem ekki liggar enn fyrir hvoru húsinu það hafi tilheyrt.

Skálinn er 31,4 m langur og 8,50 m breiður um miðjuna utanvert. Að innanverðu var hann 5,3 m breiður í fyrstunni og síðan 4,9 m eftir að fóðringu („*auka vegg*“) hafði verið bætt við innanverðan vegginn á köflum. Lengd skálans að innanverðu var um 29 m.

Heildarbreidd veggja er nokkuð misjöfn vegna þess að víða er gamli veggur eldri skálans undir áfram hluti af nýja veggnum. Hefur eldri veggurinn verið sléttáður að ofan áður en yngri veggurinn var byggður beint ofan á þeim eldri á kafla. Ekkert áfokslag var á milli.

Breidd veggjarins að norðanverðu var allt að 2,65 m að eldri veggnum meðtöldum. Yngri veggurinn að norðanverðu hefur verið á bilinu 1,2–1,6 m breiður. Að sunnanverðu var veggurinn 2,98 m breiður að þeim eldri meðtöldum, en 2,30 m án hans. Breidd gaflveggjanna var 2,12 m að vestan og 1,58 m að austan. Þetta teljast býsna breiðir veggir.

Veggirnir eru byggðir úr grjóti og torfi. Grjótið er aðeins við innri og ytri brún þar sem það sást og oftast ein röð, en gat farið í tvær til þrjár raðir á stöku stað að innanverðu. Mest áberandi voru grjóthleðslurnar á innanverðum veggjunum um miðbik skálans og á utanverðri suðurhliðinni. Að norðanverðu sáust nær engir steinar í ytri línu veggjanna og stafar það líklega af því að þar hefur veggurinn verið grafinn inn í jökulruðning, eða skriðu, og steinar ekki verið hlaðnir utan á torfið.

Húsið er byggt í dálitlum halla og hefur upprunalegt yfirborð, gamli veggurinn og gólfíð í Húsi 3 verið jafnað til að fá það nokkuð lárétt og slétt. Hliðarskipið að norðan hefur verið sett beint ofan á jökulruðning (sennilega gömul skriða) undir yfirborðinu. Jökulruðningurinn hefir einnig verið sléttáður og grafið hefur verið inn í hann til að sléttu fyrir veggjunum. Slík ráðstöfun er þekkt eins og t.d. á Snjáleifartóttum í Þjórsárdal

(Stenberger 1943:108). Miðskipið hefur svo verið grafið ögn dýpra um miðhlutann og munaði þar um 10 sm.

Yfir húsinu voru tvö áberandi gjóskulög, annarsvegar Veiðivötn 1477 og hinsvegar Öræfajökull 1362. Var húsið „*mun*“ eldra en bæði þessi lög.

Í miðjum vegnum var á einstaka stað kjarni úr möl (ísaldaðruðningi). Ein skýringin á þessum kjarna gæti verið sú að með þessum hætti rann vatn úr veggnum niður úr honum ofan í urðina. Ekki þekkir höfundur dæmi um samskonar frágang (ef rétt er) á Íslandi. Einnig voru tvær áberandi hrúgur af möl í suðurveggnum og hugsanlega hafa þær komið til eftir að húsið var úr brúki, en mjög sambærileg hrúga lá ofan við gólfíð í austurhlutanum. Þessar hrúgur voru ofan á torfveggnum og því yngri en hann. Undir hrúgunni yfir gólfínu var áfokslag sem sýnir að hrúgan var yngri en skálinn. Annar möguleiki er að þessar tvær hrúgur í suðurveggnum kunni að vera undirstöður undir girðingastaura sem grafið hefur verið fyrr og fyllt með möl. Þær hafa allavega ekkert að gera með skálann.

Ytra byrði norðurveggjarins var ekki með grjóti að utanverðu, eða þar sem veggurinn mætir jökulruðningum.

Torfið er m.a. hlaðið úr þverstreng og sá strengur virðist ekki hafa verið skorinn í mýri. Að minsta kosti 2–3 lög af streng mátti sjá í veggnum. Viða í suðurveggnum þar sem hann var breiðastur sáust stuttir strengir sem lágu bæði langsum og þversum.

Með hluta langveggjana hefur verið hlaðinn mjór veggur („*auka veggurinn*“ sem nefndur er hér að framan) innanvert á suður- og norðurvegg. Var hann 0,3 - 0,4 m breiður. Á suðurveggnum var hann mjög stuttur og settur utan á grjóthleðsluna svo hann snéri inn í húsið. Á norðurveggnum var hann eins þar sem hægt var að greina það. Á kafla vestarlega var þessi „*auka veggur*“ settur utan á innri grjóthleðsluna. (sjá teikningu). Ekki er hægt að skýra þennan „*auka vegg*“, en hugsanlega hefur hann verið hlaðinn upp til að einangra húsið betur í tengslum við viðgerðir eða endurbætur. Það hefur gerst á seinni stigum skálans, því „*auka veggurinn*“ stóð ofan á gólfí hússins á kafla að sunnaverðu og sama mátti greina að norðanverðu. Þessi „*auka veggur*“ er ekki úr streng, heldur kökkum eða hnausum og efnið hefur líklega verið tekið úr mýri.

Í þverstrengjum veggjanna að norðanverðu voru tvö áberandi gjóskulög og voru sýni tekin úr þeim báðum. Greining leiddi í ljós að annað lagið (sýni 9) var blanda af þremur gjóskulögum frá fyrra hluta 9. aldar og hitt (sýni 10) var blanda af fimm gjóskulögum frá 9. öld, þar á meðal



Mynd 3. „*Auka veggurinn*“ vinstra megin í norðurveggnum. Sjá má nokkurn litamun á torfinu í vegghleðslunni. (Stafr. myndir nr 2017-56 eða 57. Horft mótt V. Ljósm. BFE).



Mynd 4. Drónamynd af skálanum frá 2020 þar sem sjá má setin og litamun á þeim að norðan. Í vesturhlutanum er komið niður á eldri skálann. (Stafr. myndir nr. 2020-199. Norður vísa upp. Ljósm. BFE).

landnámslagið frá  $871\pm 2$ . Húsið er því byggt eftir árið  $871\pm 2$ , líklega ekki löngu síðar.

Setin í skálanum norðanverðum náðu yfir meiri hluta hússins, en er þó talsvert lengra frá austurgaflinum en þeim vestari. Við vestur gaflinn tóna þau svolítið út og að austanverðu nær það aðeins inn í austasta rýmið, en er þar um helmingi mjórra. Breidd þeirra var á bilinu  $1,60 - 1,70$  m. Þau voru ekki meira en 10 sm hærri en miðskipin þar sem mest var. Setunum var skipt niður í einingar og hefur hver eining líklega legið frá einni stoðarröð að þeirri næstu. Á loftmyndum má sjá hvernig setin skáru sig úr frá öðrum setum og er litamunur á þeim (kemur fram í fyrri skýrslum).

Suður setið náði aðeins yfir miðhluta skálans, eða yfir mitt rými 2 og hálft rými 3 (sjá mynd 10).

Við vesturgaflinn eða í NV-horninu voru nokkrar hellur á gólfí og óþekkt mannvirki í NA-horninu sem ekki var eldstæði, en það markaðist af steinum sem mynduðu einskonar kassa eða þró ofan á gólfínus. Líklega er þetta einhverskonar vinnusvæði með dyrum út til suðurs á bláhorni skálans.

Í SV-horni hússins var steinaröð á gólfinu sem myndaði hring sem líktist um margt safari, en var ekki grafið niður og var því ekki safar. Hugsanlega hefur hringurinn markað stæði fyrir tunnu, tunnustæði.

Punnt mannvistarlag var ofan á setunum ( $0,5 - 2$  sm) og var talsverður litamunur á lögunum í setunum að norðanverðu sín hvorú megin þar sem þil hefur skipt því niður í hólf eða rými nálægt miðjum skálanum, eða þar sem rými 2 og 3 maetast. Hólfin markast af steinaröðum, m.a. áberandi langur stór steinn, sem sjá má í báðum setum í suður og norður. Þil þetta hefur líklega náð þvert yfir skálann<sup>1</sup>. Annað þil hefur að líkum legið rétt austan við langeldinn og vestan við dyrnar og líklegast hafa öll rýmin verið

<sup>1</sup> Í fyrri skýrslum var talið að þilið hafi ekki náð yfir miðskipið vegna þess að langeldur var þá talinn kunna að vera þar sem það hefði átt að vera.



Mynd 5 og 6. Til vinstri eru dyrnar og sjá má stoðarholu vinstra megin ofan við miðju á myndinni. (Stafr. myndir nr. 2019-150. Norður vísar upp. Ljósm. BFE). Á myndinni til hægri má sjá hinn marða stein sem var staðsettur í suðaustur hluta dyranna. (Stafr. myndir nr. 2021-344. Norður vísar upp. Ljósm. BFE).

afmörkuð með þili. Nánar verður fjalla um einstök rými skálans hér að neðan.

Á skálanum voru allavega tvennar dyr á sunnanverðri langhliðinni (á móti sjónum!). Þær vestari voru mjög nálægt vesturgaflinum en þær eystri nokkuð frá austurgaflinum. Voru síðarnefndu dyrnar lagðar hellum á gólfí sem náðu út úr skálanum og tengdist stétt sem þar var. Breidd eystri dyranna (öndin) var 0,7–0,8 m á. Lengd þeirra eða dýpt var 1,83 m og hurð hefur líklega verið við báða enda, innri og ytri. Í torveggnum við dyrnar að austanverðu, utarlega, var stoðarholu í torfveggnum, 0,1 m í þvermál. Hún hlýtur að tengjast dyraumbúnaði við dyrnar. SA í dyrunum var lábarinn steinn sem greinilega var marinn. Ástæðan er ekki kunn, en hugsanlega er þetta „gamall“ steðjarsteinn sem hefur verið endurnýttur í dyrnar.

Vestari dyrnar á skálanum gætu hafa verið dálitið breiðari í upphafi eða um 1,3 m breiðar, en ýmislegt bendir til þess að þarna hafi verið dyr á eldri skálanum, sem hafi verið nýttar áfram í þeim yngri en þá verið mjókkaðar um rúmlega helming. Voru þær 0,6 m breiðar eftir minnkunina.

Stéttin lá með veggjum úr Húsi 2 og 3 sem sýnir að eldri veggur hefur staðið að hluta áfram eftir að Hús 2 var reist því stéttin tilheyrir skeiði yngri skálans og grjót hefur verið sett niður fyrir gömlu dyrnar í vegglinuna og þær fylltar torfi. Undir stéttinni var mannvistarlag frá tímum eldri skálans.

Langeldur fannst rétt vestur af eystri dyrunum. Var hægt að fylgja niðurgreftri hans víðast hvar. Var hann 0,51 m breiður og 2,55 m langur. Markaðist hann af hellum á rönd (kista) að austan og stórum liggjandi hellum að vestan sem voru býsna eldsprungnar. Sömuleiðis voru steinar við brún langeldsins mjög morknir/eldsprungnir. Fáeina steina mætti kalla soðsteina. Langeldurinn var ofan í dæld sem hefur verið frá tímum eldri skálans og þessi dæld hélt svo áfram þvert á skálann til suðurs. Hefur hún smám saman fyllst af mannvistarlagi og að lokum horfið á líftíma yngri skálans.

Skammt austur af langeldinum var áberandi stór steinn, túlkaður sem steðji, sem var með höggförum. Miðja hans var við X105,53 Y 212,10 og hæð hans var 5,02 m.y.s. Var hann 0,39 x 0,49 m stór og 0,2 m hár. Sunnan við steininn er hellusteininn lítið eitt minni og mjög sléttur. Steðjinn minnir mjög á svokallaða fiskasteina í mörgum húsum miðalda eins og í Kúabót á Mýrdalssandi (Lilja Árnadóttir 1987), Bæ í Öræfasveit (Bjarni F. Einarsson (a) 2020) og Arfabót á Mýrdalssandi (Bjarni F. Einarsson (a) 2020:151). Allir eru þeir í skemmu. Báðir steinarnir í skálanum í Stöð virðast liggja ofan á holu sem ekki hefur verið könnuð enn. Austan við steinana var hola sem enn liggur ekki fyrir hvorum skálanum hún tilheyrir og gæti hún verið hluti af sömu holu og steðjinn og skálanum.

Gólfíð var mjög hefðbundið, fullt af viðarkolum, sóti, ösku, brenndum beinum og lífrænum leifum. Var það langþykkast í miðju miðskipinu nálægt langeldinum í rými 3 og náði í raun frá gaflí í gafl, en var þó afar þunnt á kafla í vesturhluta hússins, rými 1, eða rétt um 1 sm. Þar sem það var þykkast í miðju húsi og við langeldinn var það allt að 5-7 sm þykkt. Gólfíð í norðurhluta hússins í hliðarskipum var samofíð gólfínú í eldri skálanum og ógerningur að skilja á milli. Hugsanlega hefur gólf eldri skálans verið hreinsað út að hluta þegar yngra húsið var byggt beint ofan á hinu gamla. Víða annarsstaðar í húsinu var vandamál að skilja gólfín í sundur. Ekki liggur fyrir hvar neðsta gólfíð í yngri skálanum endar og hvar efsta gólfíð í þeim eldri endar.

Hluti af miðskipi var hellulagt, einkum kaflí vestan við langeldinn eins og sjá má á teikningu. Einnig var hellulögn í austasta rýminu þó slitrótt væri.



Mynd 7. Langeldurinn hreinsaður fram. (Stafr. myndir nr. 2020-201. Norður vísar upp. Ljósm. BFE).



Mynd 8. Langeldurinn tæmdur. (Stafrænar myndir nr. 2021-337. Horft mótt A. Ljósm. BFE).

hellan liggja ofan á og tilheyrir þá eldri skálanum.




Mynd 9. Steðjarsteinninn og hellusteinninn handan hans í rými 5. (Stafr. myndir nr. 2020-245. Horft mótt S. Ljósm. BFE).

Engar öruggar stoðarholur eða stoðarsteinar úr Húsi 2 hafa fundist og því líklegast að stoðir á milli skipanna hafi þrátt fyrir allt staðið ofan á stoðarsteinum og borið þakið, en stoðarsteinarnir flotið í burtu á seinni stigum eyðingarinnar. Stoðirnar hafa allavega verið 14 og staðið á skilum rýmanna og í miðju þeirra eftir atvikum (í rýmum 2, 3 og 5). Innan við eystri dyrnar til austurs fundust fjórar pinnaholur, allar nálægt suðurveggnum.

#### *Rýmisskipting skálans*

Skálum var skipt niður í rými sem hvert og eitt hafði ákveðnum hlutverkum að gegna þó svo að hlutverkin hafi skarast eftir atvikum. Þessi rýmisskipting var líklega vísirinn af því sem síðar var algengt í miðaldahúsum á landinu eins og rýmin skáli, stofa, búr, skemma, eldhús o.s.frv. Hér verður reynt að finna þessum rýmum miðaldahúsanna stað í skálanum og nota sömu heyti. Í skálum landnámsaldar var vísirinn að húsaskipan miðalda og hlutverkum einstakra rýma fólgin. Gripir eru staðsettir í einstökum rýmum samkvæmt skiptingu skálans í plani og voru skilin mæld á vettvangi og henni fylgt fast eftir. Í örfáum tilfellum lenda gripir á mörkunum, en þá er gripurinn settur í vestara rýmið (fjögur tilfelli og allir settir í rými 3). Í mörgum tilfellum er ekki vitað hvoru húsinu gripirnir tilheyra og í þeim tilfellum eru þeir látnir fylgja yngri skálanum. Ljósmyndir af ýmsum gripum og þeim helstu úr rýmunum er að finna í eldri skýrslum.




Mynd 10. Yngri skálinn í Stöð ásamt tillögu að rýmisskiptingu.

Vísbendingar um rýmisskipanina var að finna í steinaröðum á gólfí og mörk í setum. Rými 5 hafði engin ummerki á gólfinu sem sönnuðu að þar hafi verið þil á milli þess og rýmis 4.

### Rými 1.

Vestasti hluti skálans var 4,9–5,0 m langur og mesta breidd hans var 4,45 m. Var rýmið því tæplega 22 m<sup>2</sup>. og þá ekki tekið tillit til þess að það mjókkaði til vesturs. Voru skilin á milli hans og næsta rýmis við Y 194,36 línuna eða þar um bil. Engin set voru í rýminu heldur að mestu slétt gólf. Við vesturgaflinn voru nokkrar hellur á gólfí í NA- horninu sem líktist eldstæði en var það ekki. Markaðist það af steinum sem mynduðu einskonar kassa eða grunna þró ofan á gólfinu. Nálægt gafli var þyrping af hellum á gólfinu fyrir framan hina grunnu þró. Að líkum hafa þessi mannvirki tengst á einhvern hátt þó ekki sé víst hvernig.

Líklega er þetta rými einhverskonar vinnu- og geymslusvæði með dyrum út til suðurs á bláhorni skálans. Í SV-horni hússins var steinaröð á gólfinu sem myndaði hring sem líktist um margt sáfari, en var það ekki því engin var þar holan. Hugsanlega hefur hringurinn markað stæði fyrir tunnu. Hluti af veggnum lá undir hringnum sem bendir til þess að endurbætur á vegg og vestur-dyrum hafi verið gerðar á seinni stigum og tunnustæðið horfið undir vegginn.



Mynd 11. Met úr blíði með grænni gler-innfattningu. (Fn. 2016-74. Ljósm. Þjóðminjasafn Íslands)

Í rýminu voru 134 númer skráð og var fjöldi brota um 170. Það voru því um 6,05 gripanúmer á fermetra. Járn voru 52 fundanúmer; naglar, skinnur og einn bátasaumur, auk ógreinanlegra jármola.

Flögur og kjarnar úr glerhalli, jaspis og ópal voru 24 fundanúmer, en enginn ópall fannst. Þar á meðal voru tveir eldsláttusteinar úr sín hvorri steintegundinni, tinnu og jaspis, og tveir skrautsteinar úr glerhalli, en aðrir fjórir skrautsteinar voru úr öðrum steintegundum.

Tvö tinnubrot fundust í rýminu, en annað þeirra gæti verið brennt bein (hvorutveggja verður hvítt og hart í eldi).

Tveir gripir úr bronsi fundust í rýminu, annarsvegar ógreinanlegs brots og hinsvegar hnappur með doppum.

Þá fundust níu brot af silfri og voru sum þeirra agnarsmá. Einn silfurgrípurinn var klipptur vafningur úr skarti og þrjár arabískar myntir (tvær óvissar).

Tvær tennur og tvö bein fundust í þessu rými. Eitt beinanna var líklega liðhnúður úr smáu dýri og eitt beinanna gæti verið brennd tinna. Einn meintur leðurbútur fannst í SA hluta rýmisins.

Af perlum fundust 15 stykki, þar af ein úr bergkristal og ein úr sandsteini. Aðrar voru úr gleri.

17 brot af gjalli (sjö fundanúmer) fundust einnig í rýminu, sjö klébergsbrot úr grýtu og ógreindum grip, sex brýni úr flögubergi, ein blýstöng og eitt met úr blýi með grænni glerinnlögn.


Í rýminu fundust þrír snældusnúðar úr steini, líklega sandsteini, og var einn þeirra heill og fannst hann á milli steina í vegnum að innanverðu. Að síðustu fundust fjórar skífur, en þær eru ein athyglisverðasta gripategundin sem fundust í skálanum. Eru þær túlkaðar sem tappar í skinnpoka eða fiskimaga sem geymt hefur lýsi eða annan vökva. Munu þær koma meira við sögu síðar.

Gjallid gæti bent til þess að einhverjar smíðar hafi átt sér stað í rýminu eða það sé truflun frá smiðjunni í eldri skálanum. Gjall hefur aðeins fundist í mjög litlum mæli í skálanum í Stöð og mest af því var í þessu rými.

Rýmið er túlkað sem búr þar sem matvæli voru einkum geymd, bæði í fersku, þurrkuðu og reyktu formi. Hringлага mannvirkið í SV horninu er



Mynd 12. Snældusnúðurinn *in situ* á innanverðri grjóthleðslunni í vegnum. Botninn upp í loft. (Fnr. 2016-9. Stafr. myndir nr. 2016-57. Horft mótt NA. Ljósmynd. BFE).



Mynd 13. Hið hringлага mannvirki í SV-horni rýmis 2. (Stafr. myndir nr. 2016-99. Horft mótt SA. Ljósmynd. BFE).



Mynd 14. Mannvirkið í NV-horni rýmisins fyrir miðri mynd. (Stafr. myndir nr. 2016-168. Horft mótt S. Ljósmynd. BFE).

líklega umgjörð utan um tunnu (tunnustæði) sem staðið hefur á gólfuru á yngsta skeiði hans og er því ekki sár, enda enginn öruggur sár frá landnámsöld til að mati höfundar. Þeir komu síðar. Í þessari tunnu hefur t.d. verið geymt neysluvatn eða annar vökti. Mannvirkið í NV-horninu, steinþróin virðist tengjast stórum hellum á gólfuru fyrir framan. Hugsanlega hefur eitthvað staðið á hellunum svo sem tunna, kista eða önnur innréttning. Á miðað við fermetrana var þetta funda-minnsta rými skálans og gripirnir benda ekki til þess að mikil vinna á hráefni hafi átt sér stað í rýminu sem skilið hefur eftir ummerki. Fæstir gripir úr glerhalli og jaspis, minnst af tinnu, fæstar perlur, fæst brýni og fæstir kljásteinar. Aðeins einn hnífur fannst, en hnífur voru fjölnota verkfæri sem nýttust bæði við vinnu og át. Silfur var þó hlutfallslega mest í þessu rými.

### Rými 2.

Austur af vestasta rýminu tók við rými 2. Voru mörk þess og rýmis 3 við Y 201,79. Stærð rýmisins var um 7,2 m á lengd og 5,2 m á breidd um miðjuna. Stærðin var því 37,44 m<sup>2</sup>. Í rýminu voru set með allri norðurhliðinni og tæplega hálfri suðurhliðinni. Í miðskipi voru hellur á gólfí í eystri helmingi rýmisins sem voru áframhald af hellum í rými 3. Með öllum norðurveggnum og bróðurpartinn af þeim syðri hafði verið hlaðinn „auka veggur“ inn á aðalvegginn einhverntímann eftir að húsið hafði verið byggt. Engin önnur mannvirkir mátti greina í rýminu og ekki gott að skilgreina það nákvæmlega, en hér verður stungið upp á því að þetta kunni að vera stofa eða vísir að stofu eins og þær urðu síðar.

Í rýminu voru 301 fundanúmer skráð. Gera það um 804 gripir á fermetra. Auk gripa úr járni (115 fundanúmer; ein hóffjöður, naglar, skinnur, teinar, vinkill?, hnoð, krókur, lykkja, sill?, hespa, önglar?, brot úr potti, hnífur?, bátasaumur, og ein öxi af K-gerð).

Flögur og kjarnar úr jaspis, glerhalli og ópal voru 97 fundanúmer, ein flaga úr steini og 10 skrautsteinar úr glerhalli, jaspis og geislasteini. Tveir molar úr ópal fundust og voru það einu ópalarnir sem fundust í skálanum og reyndar á öllu svæðinu.

Sjö brot úr tinnu fundust, flögur og einn eldsláttusteinn. Þrjú brot úr geislasteini fundust einnig í rýminu og virtust ekki slegnir.

Eitt ógreinanlegt bronsbrot með hugsanlegu skreyti fannst í rýminu, ein lykkja og einn gripur úr bronsi gæti verið rómverkskur peningur að upplagi en hafði verið breytt í men, en á honum var gat við röndina.

Einn hnappur/met úr blýi fannst einnig í rýminu.

Níu gripir úr silfri (áttu númer) voru í rýminu, þar af þrír hringir og einn þeirra kræktur (tvö brot), brot úr klipptri arabískri mynt, ein perla eða öllu heldur brugðin hnappur úr silfri og ein mynt úr silfri sem gæti verið rómversk, en röntgen benti til þess að í miðjunni hafi verið andlit eða höfuð séð á hlið. Einn silfurgripanna var úr þykkum þræði sem var undinn og gæti hafa verið hluti af skarti á perlubandi.

Bein og tennur voru fimm fundanúmer og var fjöldi brota 11. Hugsanlega voru fuglabein á meðal beinanna.

Perlur voru 26 undir 25 númerum. Ein var úr framandi bergtegund, ein úr carnelian, ein hugsanleg perla úr glerhalli, þrjár úr steini, ein úr silfri og ein úr klébergi. Aðrar voru úr gleri. Ein þeirra var svokölluð augnaperla og önnur slík perla fannst á blautsigtunarstaðnum og hefur nær örugglega tilheyrt húsinu, en óvist hvar.

Eitt gjallbrot fannst í rýminu.

Samtals fundust 13 brot úr klébergi (undir fjórum númerum). Voru mörg þeirra úr grýtu og eitt þeirra hugsanlega skaft á grýtu.

Fimm gripir voru úr sandsteini og þar af voru snældusnúður og ein perla. Tveir voru með boruðu gati og einn var líklega tafla úr hnefatafli.

Úr steini voru níu gripir, þar á meðal tvær perlur. Einn var hugsanlega brýni, einn var tálgaður, einn með þrem rákum en aðrir ógreinanlegir.

Brot af brýnum voru 30 (25 fundanúmer) sem öll voru úr erlendu flögubergi nema eitt sem var vafaatriði. Brýnin voru því 25.

Að lokum fannst einn heill snældusnúður úr rauðum sandsteini, ein meint tafla fannst úr hnefatafli úr rauðum sandsteini, en engin skífa.

Í þessu rými var næst mest af silfri í skálanum (áttu gripir af 29 gripum).

Rýmið sker sig nokkuð frá öðrum rýmum fyrir tíðindaleysi hvað varðar innri skipan og mannvirki. Það sem einkennir rýmið eru setin báðu megin og „auka veggurinn“. Norður setið nær yfir allt rýmið og sömuleiðis „auka veggurinn“. Suður setið nær yfir helming rýmisins og „auka veggurinn“ þar nær yfir stærri hluta þess. Hellur eru á helmingi gólfssins að austan, nær samfellt úr rými 3. Þessi tvö rými eru nokkuð lík og svipaðrar stærðar, en rými 3 hefur langeldinn umfram rými 2. Fundaflóran er nokkuð lík, en þó hefur rými 3 fleiri gripi sem tengja má við matvæli (kléberg, hnífa, brýni, tinna, skífur og bein) og vinnslu með verkfærum úr glerhalli og jaspis. Rýmið er túlkað sem stofa.



Mynd 15. Öxin sem fannst undir „auka veggnum“ í rými 2. (Fnr. 2021-100. Ljósm. BFE).



Mynd 16. Hnappur/met úr blýi. Á bakhlið er járnflís. (Fnr. 2020-37. Ljósm. BFE).



Mynd 17. Silfursnúningur úr rými 2. (Fnr. 2017-146. Ljósm. BFE).

### Rými 3

Rými 3 var aðalrými skálans með langeldi og með setum með útveggjum yfir bróðurpartinn að norðanverðu og rýmlega helminginn að sunnanverðu. Í setinu að norðan var ferhyrnd eiða sem engar skýringar eru á aðrar en þar hefur hugsanlega einhver innréttинг verið svo sem kista.

Langeldurinn var ekki fyrir miðju, heldur talsvert austarlega. Vestan við hann var hellulögn úr hellustseinum. Í miðju rýminu á suðurvegg voru dyr eldri skálans sem fylltar höfðu verið upp með torfi og steinar lagðir í nýju vegglinuna innan og utan. Mörk rýmisins við rými 4 voru við Y209,75.

Rýmið var 7,80 m á lengd og breiddin var upphaflega 5,3 m en þegar „auka veggurinn“ hafði verið byggður var hún 4,9 m. Stærðin hefur því upphaflega verið 41,34 m<sup>2</sup> og svo minnkuð í 38,22 m<sup>2</sup>.

Með öllum norðurveggnum var „auka veggur“, byggður eftir að húsið hafð verið í notkun um einhvern tíma. Ekki sást slíkur veggur við suðurvegginn. Rýmið var stærst rýma í skálanum. Þetta rými túlkast sem hinn eiginlegi skáli. Sunnan við langeldinn var áberandi hola um 1,5 m á breidd og 0,24 m djúp. Líklega er hún leifar frá eldri skálanum, en hlutverk hennar er óþekkt. Einnig var minni hola norðan við langeldinn sem er líklega hluti af fyrrnefndri holu.

Rétt vestan við eldri dyrnar voru leifar af tréstokk sem gæti bent til þess að þar hafi í raun verið þil þvert á skálann. Steinar í gólfí styrkja þessa túlkun, en þeir mynda röð þvert á skálann. Eru þá rýmin sex en ekki fimm, eða að skilin á milli rýmis 2 og 3 hafi verið þarna, en ekki við Y 201,79 línuna. Þetta er þó frekar ólíklegt og lang sennilegast að þessi stokkur og steinaröð tilheyri eldri skálanum.


Í skálanum fundust lang flestir gripirnir, eða 600 fundanúmer sem geyma yfir 670 gripi eða gripi í fleiri brotum. Því hafa fundist um 14,5 fundanúmer á hvern fermetra.

Gripir úr járnri voru 182 fundanúmer; sjö hnifar og sumir óvissir, naglar, hnoð, skinnur, teinar, gjörð, tveir meintir önglar, sauðaklippur, tveir sílar og annar óviss, lykill, plötur, tvær meintar hóffjaðrir, tveir hringir, meint handfang, hólkur og lykkja. Mest bar á nöglum og skinnum.

Flögur, kjarnar og skrautsteinar úr glerhalli, jaspis og ópal voru 247 fundanúmer. Einn þeirra var meintur eldsláttusteinn. Enginn ópall fannst.

25 brot út tinnu voru í rýminu sem var mest í einstökum rýmum skálans í Stöð eða tæplega helmingur brotanna. Einn geislasteinn fannst einnig sem var ekki sleginn. Tinnubrotin fundust flest í allra næsta nágrenni við langeldinn og eitt í honum.

Enginn gripur úr bronsi fannst í rýminu.



Mynd 18. Sauðaklippur úr skálanum. (Fnr. 2017-198. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands).



Mynd 19. Perlur sem fundust sumarið 2021 í rými 3. Athyglisvert er hve smáar perlunar voru miðað við perlur sem fundust fyrri sumur. Stærsta perlan var 6,5 mm í þvermál. Þessar perlur hljóta að vera frá fyrstu árum yngri skálans vegna þess að þær voru neðst í gólfínu. Á myndina vantart tvær perlur úr gleri sem fundust í rýminu 2021. Önnur var fólgræn og brotin og hin svipuð og perlurnar í báðum röðum næst lengst til vinstri. (Ljósm. BFE).

Níu gripir eru úr silfri og sumir smáir. Eitt brot er úr mynt sem gæti verið gullhúðað. Líklega er það arabísk mynt. Einn er skreyttur hringur sem er brotinn, einn hnappur og einn er vafningur. Einn er klipptur úr skartgrip. Rými þetta var silfurríkasta rýmið í skálanum.

10 gripir voru úr blýi í rýminu og er það rúmlega helmingur alls blýs í skálanum. Þar á meðal voru þrjú met og var eitt þeirra ferhyrnt en hin tvö hringlaga.

Tegund	Hús 2	Hús 3	Hús 2/3	Annarsstaðar	Samtals
<b>Perlur</b>	146	6	-	24	176
<b>Mynt</b>	8	1	-		9
<b>Skífur</b>	63	6	-	24	93
<b>Hnífar</b>	18	1	-	1	20
<b>Steinar með gati</b>	7		-	1	8
<b>Unnar Steinar</b>	26	1	-	2	29
<b>Met (blý)</b>	5	-		1	6
<b>Snældusnúðar</b>	32	-	-	1	33
<b>Brýni</b>	95	14	-	21	130
<b>Kljásteinar</b>	10		1		11
<b>Aflsteinn</b>		1			1
<b>Töflur</b>	6		-		6
<b>Skífur</b>					93

Tafla 1 yfir gripi í einstökum húsum. Þegar brot passa saman eru þau talin sem einn gripur. Breytingar hafa orðið frá fyrri skýrslum þar sem gripir hafa verið færðir úr Húsi 3 í Hús 2 þegar ekki er hægt að ákvárdá hvoru húsinu þær tilheyra. Þetta kann að breytast aftur síðar meir. Ákveðin óvissa er með greiningar á fæeinum gripum og efnisflokkum. Undir *Unnar steinar* eru tvær hugsanlega töflur og þá verða töflurnar fimm. Tvær perlur gætu verið tvíreknaðar og gripir sem fundust í veggjum húsa eru hér talin með þeim, en það er ekki gert í töflu hér á undan.

Bein og tennur voru 10 fundanúmer með 16 flísum og 12 þeirra brennd. Þeirra á meðal voru hugsanleg fuglabein og ein stórgripatönn. Tvö beinanna fundust í langeldinum.

Fjöldi perlna var 45, tveimur fleiri en í rými 5 sem var næst perluríkasta rýmið í skálanum. Úr steini voru tvær perlur, ein úr rafi sem var önnur tveggja rafperlna í Stöð og restin úr gleri.

Perlurnar sem fundust 2021 voru allar nokkuð áþekkar, einfaldar og litlar (sjá mynd 19). Freistandi er að áætla að þær hafi allar týnst samtímis! Hugsanlega eru þessar perlur sem fundust 2021 vísbending um að með tímanum hafi efnahagur vænkast í Stöð og stærri og dýrari perlur komið til sögunnar með tímanum.

Þrír gjallmolar fundust í rýminu.

Úr klébergi voru fimm gripir. Voru þetta einn diskur (í sex brotum), einn snældusnúður, tvær grýtur og eitt ógreinanlegt brot.

11 gripir voru úr sandsteini. Auk fimm snældusnúða voru þetta m.a. tveir unnir steinar (boraðir, klappaðir, tálgaðir, slípaðir), steinn með gati og ein meint tafla úr hnefatafli.

Ýmsir gripir voru úr steini, en fjöldi þeirra var 42 undir 41 fundanúmeri. Ef skífur og perlur eru ekki reiknaðar með voru þetta 12 gripir úr steini. Þetta voru ein meint kola, steinn með gati, þrír kljásteinar, einn kljásteinn eða sakka, eitt brýni, einn unninn steinn (slípaður á two kannta), þrír skrautsteinar og einn baggalútur.

Brýni voru 33 fundanúmer og eitt þeirra var í tveimur brotum. Öll úr flögubergi nema eitt sem var úr steini.

Sex snældusnúðar fundust í rýminu, þar á meðal sá sem nefndur hefur verið hér að ofan úr klébergi. Hinir voru úr rauðum sandsteini. Tveir snúðanna voru heilir.

Þrír eða fjórir kljásteinar fundust í rýminu eins og áður getur. Rýmið var eitt af tveimur kljásteinaríkustu rýmum skálans ef ekki er reiknað með því að einn geti verið sakka. Nánar verður fjallað um kljásteina hér að neðan og muninn á kljáststeini og sökku.

Ein meint tafla úr hnefatafli fannst og var hún úr rauðum sandsteini og brotin.

Í þessu aðalrými skálans fundust 29 skífur sem var mestur fjöldi skífna í einstökum rýmum skálans.



Mynd 20. Unninn steinn með slípun á two kannta. (Fnr. 2021-87. Ljósm. BFE).



Mynd 21. Met úr blýi, 7,5 mm í þvermál. (Fnr. 2021-236. Ljósm BFE).



Mynd 22. Brýnisbrot úr erlendu flögubergi. Brotið um borað gat. Hugsanlega heinbrýni. (Fnr. 2021-82. Ljósm. BFE).

Efni	2015-16	2017	2018	2019	2020	2021	Samtals	Hús 2	Hús 3	Hús 2/3	Annarstaðar	Prh
<b>Bein</b>	2 (fuglab.?)	18	6	9	30	11	Um 76	Um 40	11	2	2	Prh. 3=15. Prh. B=7
<b>Blý</b>	1	2	3	5	5	2	18	13	2	1	2	
<b>Brons</b>	1	1	3	1	1	0	7	1	3	1	1	
<b>Geislasteinn</b>	1	3	0	5	2	0	11	4		1	1	
<b>Gjall</b>	20	4	7	1	1	1	34	8	4	16	6	
<b>Gler</b>	6	14	15	39	44	28	146	116	3	25	12	Phr. B=6
<b>Glerhallur</b>	29	65	17	Um 150	Um 110	Um 195	Um 370	-	-	-	-	-
<b>Hrafntinna</b>				3		2	5	4	1			
<b>Jaspis</b>	17	63	25	Um 120	Um 170	Um 120	Um 520	-	-	-	-	-
<b>Járn</b>	85	104	80	Um 220	Um 175	Um 93	Um 760	-	-	-	-	-
<b>Kléberg</b>	21	3	5	11	3	1	43	33	6	2	2	
<b>Kopar</b>	0	1	0	0	0	0	1	1				
<b>Látún</b>	0	0	0	0	0	0	0					
<b>Leður</b>	0	0	1	0	0	1	2	1	1	1	1	
<b>Leir</b>	0	2	0	0	0	2	4					Prh. B = 1
<b>Ópall</b>	2	0	0	0	0	0	2			2		
<b>Sandsteinn</b>	3	1	0	2	29	10	45	19	4	14		Prh. B=2
<b>Gull</b>	0	0	1	0	0	0	1		1?			
<b>Silfur</b>	3	6	8	8	6	0	31	27		3		1
<b>Skel</b>		1	0	2		0	3	1				
<b>Steinn</b>	12	10	11	82	28	21	164	117	8	18	13	Prh. D=1. Prh. B=6
<b>Textill</b>	0	0	0	0	0	0	0					
<b>Tinna</b>	2	8	9	21	15	5	60	44	2	3	7	Prh. 2=1. Prh. 3=1. Prh. B=3
<b>Tré</b>	0	0	1	0	0	0	1				1	
<b>Ull</b>	0	0	0	0	0	0	0					
<b>Annað</b>	1	1	0	0	0	0	2	2				

Tafla 2 yfir gripi sem fundist hafa fram að þessu. Ef gripur fannst í brotum svo að öruggt væri telst hann vera einn. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða. Þessar tölur hafa breyst frá fyrrí árum og kunna að breytast frekar þegar farið verður nánar í fundaskrárnar/gripina. Viðurinn frá 2016 voru lítilfjörlegar leifar á nagla sem ekki var hægt að bjarga. Tveir glergripanna eru úr seinni tíma lögum. Ein svört Perla fannst í tveimur brotum á sínum hvorum staðnum eru eru taldar tvær þó þær passi saman (nr. 322 og 2020-19 og 322). Taflan er gerð með fyrirvara um breytingar á túlkunum við frekari úrvinnslu. Allir gripir úr kopar og látún eru nú færðir undir brons. Allir gripir sem ekki var hægt að heimfæra til Húss 2 eða 3 eru hér færðir undir Hús 2.

Rýmið er griparíkasta rýmið og þeirra stærst. Þar eru set með báðum útveggjum að hluta, „*auka vegg*“ að norðan, langeldinn í austurhluta og þar voru hvergi eins þéttar gólfhellur vestan við langeldinn. Fólk hefur dvalist lengstum í þessu rými ef marka má fjölda gripa eins og perlur, verkfæri úr steinum og snældusnúða svo dæmi séu tekin. Þarna hefur verið unnið og sofið, matur verið eldaður og hans neytt. Yfir langeldinum hefur líklega matvara verið þurrkuð og reykt. Flestir hnífarnir fundust í þessu rými og flest brýnin. Þar fundust flestir gripirnir úr glerhalli og jaspis einnig. Þar var mest af beinum og þar fundust flestir silfurgripirnir og flestar skífurnar fundust þar. Úr rýminu kom hitinn í önnur rými. Rýmið er miðja tilverunnar í Stöð.

### Rými 4

Þegar komið var inn um aðaldyrnar á suðurhlið skálans tók við mjótt rými sem náði þvert yfir allan skálann. Er þetta anddyri eða göng sem ganga mátti úr á báðar hliðar, inn í skálann og inn í rými 5. Mörk andyrisins við rými 5 voru við Y 211,83.

Að norðanverðu var „*auka veggur*“ með öllum veggnum. Lengd anddyrsins var 4,8 m sem var hin saman og breidd skálans eftir að „*auka veggur*“ hafði verið byggður. Fyrir hafði lengdin verið um 5,1 m. Breidd anddyrsins var 2,10 m. Stærðin var því fyrst 10,71 m<sup>2</sup> og síðar 10,08 m<sup>2</sup>.

Dyrnar voru hellulagðar og nokkuð inn á gólfíð í anddyrinu. Nyrst mótaði fyrir misbreiðum palli eða seti og einstaka hellur voru á gólfí.

Samtals voru 174 fundanúmer skráð í anddyrinu, eða 17,3 fundanúmer á hvern fermetra sem er það hæsta í rýmum yngri skálans. Járn var skráð undir 48 númerum (56 brot). Þar á meðal voru naglar, hnoð, skinnur, hólkur, einn meintur hnífur og þrír hringir.

Úr glerhalli, jaspis og ópal voru 74 fundanúmer skráð, en það voru flögur, kjarnar og einn skrautsteinn. Þrír aðrir skrautsteinar voru skráðir úr annarri steintegund. Enginn ópall fannst.

Tvö tinnubrot fundust einnig í rýminu, en ekkert úr bronsi. Tvö brot úr geislasteini fundust sömuleiðis sem virtust ekki slegin.

Einn gripur úr silfri fannst sem er hugsanlega brot úr mynt.

Engin bein fundust í anddyrinu.

Samtals fundust 19 perlur í rýminu og 15 þeirra úr gleri. Ein var úr glerhalli og þjár úr steini.

Einn gjallmoli fannst.

Úr klébergi var aðeins einn gripur, en það var hálfur snældusnúður.

Sex gripir voru úr sandsteini. Voru þetta þrír snældusnúðar, þar af einn vafasamur, og þrír unnir steinar. Einn þeirra var hringlaga með holu í miðju og minni holur við jaðarinn á sömu hlið. Hugsanlega er þetta tafla. Annar var hringlaga með geometrísku pári á annarri hliðinni sem minnti á mylluborð og gæti einnig verið tafla (úr kotru?) og sá þriðji var ógreinanlegur.

Gripir úr steini voru 20 (einn þeirra líklega úr sandsteini). Að frádregnum sjö skífum, tveimur kljásteinum, tveimur perlum, þremur skrautsteinum og einum snældusnúð voru þetta fimm gripir. Þeir voru tveir unnir steinar, klappað og borað gat á öðrum og borað gat og slípun á hinum. Gripur sem gat verið perla og þrír skreyttir steinar. Annar þeirra var sleginn til og tálgaður eins og aflöng stjarna og hinn í laginu eins og beltissproti. Við röndina öðru megin var párað strik allan hringinn. Þessi síðastnefndi er líklega úr sandsteini og er rauður.



Mynd 23. Líklega tafla úr einhverju spili með geometrísku kroti á. (Fnr. 2020-209. Ljósm BFE).

Sex brýnisbrot úr flögubergi fundust, fimm snældusnúðar og þar af fjórir heilir, tveir kljásteinar og sjö skífur.

Rými 4 er anddyri eða gangur sem gengið var úr til skála til vinstri eða til hægri inn í rými 5. Miðað við stærð fundust margir gripir í anddyrinu, reyndar mest á fermetra í öllum skálanum. Anddyrið er trúlega umferðarþyngsta rými skálans, þar þurftu allir að fara um, út og inn.

Anddyrið er snarlíkt anddyrinu (göngunum) í Vogi í Höfnum (Bjarni F. Einarsson 2013). Úr því var gengið annarsvegar í skála til vinstri og hins vegar til hægri í rými sem gæti hafa verið bún eða eldhús. Anddyri af þessu tagi má skoða sem forvera ganga í gangabæjum miðalda á Íslandi.

### *Rými 5*

Skilin á milli rýma 4 og 5 lágu við Y 211,83 línuna og náði rýmið yfir allan hlutan sem eftir var í skálanum. Stærð rýmisins var 6,3 m á lengd og 4,8 m á breidd eða  $30,24 \text{ m}^2$ , en sé tekið mið af mjókkandi enda þess hefur stærðin verið tæplega  $30 \text{ m}^2$ . Í miðskipinu voru hellur á gólfí.

Vestast í rýminu var áberandi stór ávalur steinn með ummerkjum um notkun. Ekki liggur enn alveg fyrir hvoru húsinu þessi steinn tilheyrir, en hann er ofan á niðurgrafinni holu sem líklega tilheyrir eldri skálanum. Er steinninn túlkaður sem steðjasteinn. Stærð hans var  $0,32 \times 0,73 \text{ m}$  (A–V) og hæðin  $0,19 \text{ m}$ . Að neðan var steinninn nokkuð flatur, en kúptur að ofan. Sambærilegan stein frá landnámsöld þekkir höfundur aðeins frá Hólmi í Nesjum, en í yngri skála þar var stór steinn inni í húsinu við gjósku fóðraða holu (Bjarni F. Einarsson (a) 2015:186). Hann var  $0,3 \times 0,45 \text{ m}$  stór og  $0,25 \text{ m}$  hár. Á honum voru rákir sem gátu verið höggför. Steinninn í Hólmi var túlkaður sem steðji. Á Skógum í Fnjóskadal fannst steðji úr steini í smiðju sem þar var og er aldursgreind til 12.–13. aldar. (Guðmundur Sigurðsson o.fl. 2013:31). Sunnan við þennan stein í Stöð var annar flatur steinn sem getur hafa verið hluti af þessu mannvirkni. Á honum voru ummerki um slípun.

Hafa þessir tveir steinar ábyggilega verið tengdir sömu athöfnum og áttu sér stað við steininn. Líklega hafa þær athafnir verið tengdar vinnslu svo sem að mylja bein, liturnarefni, fisk og annað sem þurfti að mylja. Önnur starfsemi kemur einnig til greina svo sem að beygja málma, forbrýna stærri verkfæri svo sem axir, styðja við þegar steinar voru slegnir svo sem skífurnar, glerhallarnir og jaspisarnir.

Rými þetta í yngri skálanum í Stöð er túlkað sem skemma, eða forvera skemmunnar eins og við þekkjum hana á miðoldum eða í gangabæjum eins og í Gröf (Gísli Gestsson 1959) og á Bæ í Öræfum (Bjarni F. Einarsson 2020). Hús þessi stóðu síðar við enda húsaþyrpinganna á miðoldum. Hvert hús gangabæjarins var afmarkað rými með torfveggjum og dyrum á milli, út frá miðlægum göngum. Skemmur voru yfirleitt með dyrum beint út á hlaðið og ekki tengd við önnur hús með dyrum. Í mörgum skemnum og búrum, finnast fiskasteinar eins og Á Bæ og í Arfabót (Bjarni F. Einarsson

(a) 2020:151). Svipað rými og skemman í Stöð er í skálanum á Hofstöðum í Mývatnssveit (Lucas 2009).

Ýmislegt bendir til þess að þetta austasta rými hafi verið vinnurými af einhverju tagi, tóvinna, smíðavinna, matarvinnsla og geymsla fyrir mat, amboð og veiðarfæri m.a. Steðjinn hefur ekki tengst járnsmíðum, því ekkert gjall fannst við hann og ekki fundust nein ummerki um fiskibein svo ekki var þetta svokallaður fiskasteinn eins og nefndir voru hér að ofan og finna má í skemmum miðaldabæja.

Í rýminu voru 360 fundanúmer skráð með 449 gripum eða brotum úr gripum. Eru þetta um 12 fundanúmer á hvern fermetra í rýminu.

108 fundanúmer voru yfir járn. Þar á meðal voru naglar, hnoð, fimm meintir hnifar og einn öruggur, plötur, teinar, lykkjur, bordi, skinnur, tvær hóffjaðrir og önnur meint hóffjöður, meintur öngull og hringur. Að lokum fundust tveir skutlar í rýminu.

118 fundanúmer voru yfir glerhalla, jaspis og ópal. Voru þetta kjarnar, flögur og einn skrautsteinn úr glerhalli. Einn moli úr jaspis var mögulega tafla. Enginn ópall fannst.

Úr tinnu voru 10 gripir sem var það næst mesta í skálanum. Fjórir molar úr geislasteini fundus einnig og virtust ekki slegnir.

Enginn gripur úr bronsi fannst í rýminu.

Úr blíði voru fjórir gripir. Einn líktist þórshamri, eitt var hringlaga met og einn var hnappur. Aðrir voru ógreinanlegir.

Úr silfri voru þrír gripir og tveir þeirra agnarstmáir. Einn þeirra var hnappur og annar gæti verið silfurhúðaður ógreinanlegur gripur.

Bein voru skráð undir fjórum númerum og brotin sjö. Einn bútur úr leðri fannst austast í rýminu.

Perlur í rýminu voru 46. 10 þeirra voru úr steinum og restin úr gleri. Ein perlanna úr steini var úr grænum hörðum (hálfeðal) steini og var slípuð. Hinar voru úr innlendum steintegunum. Rýmið var perluríkasta rými skálans, en líka með fátæklegustu perlunum ef perlur úr steini eru taldar fátæklegar.

Ekkert gjall fannst í rýminu.

10 gripir úr klébergi fundust. Voru það fjórir heilir snældsnúðar, einn diskлага gripur sem var brotinn og fjögur brot úr grýtu. Nánar verður fjallað um snúðana hér á eftir.

16 brýni (sum í brotum) fundust í rýminu og voru öll úr flögubergi og sum hver agnarstmá sem má túlka sem afleiðing notkunar. Á einu þeirra var ófullgerð hola eftir bor og á öðru var borað gat.

Auk snældusnúðanna fjögurra sem áður voru nefndir fundust tíu snúðar úr öðrum efnum en klébergi í rýminu, en það voru snúðar úr rauðum



Mynd 24. Perlur í rými 5 sem fundust 2021. Ekkert rými hafði svo fátæklegar perlur ef perlur úr steinum eru taldar fátæklegri en perlur úr gleri eða öðrum dýrum efnum eftir ekki (Ljósm. BFE).



Mynd 25. Allar skífurnar sem fundust sumarið 2021. Sú minnsta er 2,3 sm í þvermál og sú stærsta 8,5 sm. Þær eru úr mismundandi bergtegundum og litur er alskyns. Sumar vel hoggnar, aðrar síður. (Ljósm. BFE).

sandsteini og einn úr gulleitu gjóskubergi. Heilir snúðar eru samtals 12 í rýminu. Um einn snúðinn er mikill vafi og líklega rétt að kalla hann borsnúð. Var hann lang þyngstur snúðanna sem fundist hafa í skálanum eða 258,9 g. Næst þyngsti snúðurinn var 85 g. Af 31 snældusnúðum sem fundist hafa í skálanum eru því 15 snældusnúðar úr þessu rými eða tæplega helmingur snældusnúða sem fundist hafa í skálanum í Stöð. Tveir snúðar fundust utan við húsið, annarsvegar í stéttinni og hins vegar í vegg skálans.

Í rýminu fundust 26 skífur sem var næst mesti fjöldi skífna í einstöku rými á eftir rými 3, skálanum. Í skálanum öllum fundust 73 skífur auk fimm sem voru lausafundir og nær örugglega úr skálanum og fjórar fundust í eða á stéttinni sunnan við skálann.

Rými 5 sker sig dálítið úr frá öðrum hlutum skálans eins og áður hefur komið fram. Lítill sem enginn hæðarmunur er á hliðar- og miðskipum hans og gólfíð var samfeldara um allt rýmið en í öðrum rýmum. Hellur voru víða á gólfí og fyrir miðju voru þær þéttari. Það sem mest einkenndi rýmið var hinn svonefndi steðji og hellusteinn við hann.

### **Gripir og dreyfing**

Dreifing gripa í rýminu eru að mestu leiti háð atferli manneskjunnar í því, hún nýtir það og skilgreinir út frá þörfum sínum og væntingum. Rýmið sjálft stýrir ferðum fólks, það gengur þar sem hægt er að ganga eða samkæmt venju. Ferðirnar geta afmarkast af félagslegum, trúarlegum eða umhverfislegum þáttum (Bjarni F. Einarsson 1992:51). Á ferðum sínum um rýmið tapar hún gripum, hendir þeim eða leggur frá sér hluti sem finnast svo við fornleifarannsóknir. Þó að það sé tilviljun að gripir týnist þá er það ekki tilviljun hvar þeir týnast, þeir týnast þar sem fólk fer um.

Á bak við hvern grip í rýminu er því einstakt atferli eða atvik og allir gripirnir samanteknir er summan af fjölda atferla og ef gripirnir eru nægilega margir má sjá ákveðið munstur í atferlunum. Þetta munstur gæti

Rými	Fj. númer.	Járn	Glerh., jaspis og ópall	Tinna	Geisla-stein	Brons	Silfur	Bein	Perlur	Gjall	Snældusn.	Kléberg	Sandst.	Steinn	Brýni	Kljást.	Skifur	Túlkun	
1	133	52		24	2	0	2	6	4	15	7	3	4	2	9	6	0	3	Búr
2	301	115		97	7	3	3	8	5	25	1	1	4	5	9	24	0	0	Stofa
3	598	182		247	21	1	0	9	10	43	3	6	5	11	41	32	4	29	Skáli
4	174	48		74	2	2	0	1	0	19	1	5	1	7	20	6	2	7	Góng
5	359	108		118	10	4	0	3	4	44	0	14	10	14	47	15	4	26	Skemma
Sam	1.565	505		560	42	10	5	27	23	146	12	29	24	39	126	83	10	63	Skáli

Tafla 3 yfir fjölda fundanúmera eftir gripaflokkum í yngri skála, Húsi 2. Við þess töflu má bæta einum leðurbút sem fannst í rými 5. Sumir gripir koma við sögu í fleiri dálkum eins og t.d. snældusnúðar sem eru úr mismunandi efnum. Lausafundir og gripir sem fundust í veggjum eru ekki taldir með hér.


sýnt að ákveðnir gripir finnast einkum í ákveðnu rými eða rýmum. Sumir gripir geta verið tengdir ákveðnu kyni og þá er hægt að sjá að það kyn hefur ferðast í ákveðnum rýmum meira en í öðrum og/eða að þetta kyn hafi verið virkara í ákveðnu rými en í öðrum. Vandamálið með kynkvörðun gripa er að flestir gripir voru notaðir af öllum kynjum í meira eða minna mæli. Dæmi um slíka gripi eru perlur, en þær finnast í öllum rýmum skálans, þó tvö rýmanna skeri sig aðeins úr. Þetta bendir til þess að perlur séu ekki kynkvárðanleg í hinum veraldlega heimi, því þegar kemur að kumlum eru perlur mun algengari í kvennkumlum en hjá körlum og fleiri að tölu í hverju kumli. Þetta gæti verið dæmi um að gripir geta skipt um hlutverk þegar þeir fara úr einu samhengi í annað. Kljásteinn hefur aðra merkingu eða tengingu í húsi, kumli eða blótstað. Í kumlinu hafa trúarlegar hugmyndir „ofist“ inn í kljásteininn og sama á við á blótstað. Hér verður engin tilraun gerð til að kynkvárða gripi heldur verða gripirnir og útbreiðsla þeirra látin tjá almenn atferli í rýmunum.

Af 73 skífum sem fundust í skálanum, þar af 10 í vegg eða var ekki hægt að staðsetja nánar, fundust 33 í rýmum 4 og 5. Af þessum 63 skífum sem fundust í sjálfum skálanum fundust 56 þeirra austan við Y205 línuna, en hún var u.p.b. við vesturenda langeldsins. Sumar skífurnar geta þó tilheyrт Húsi 3, eldri skálanum, en sex skifur eru taldar komnar úr honum og á væntanlega eftir að fjölga. Þær hafa jafn austlæg dreifingu og í Húsi 2, en rannsóknum á Húsi 3 er enn ólokið.

Í fyrri skýrslum hefur verið fjallað um þessar skifur og þeirri tilgátu varpað fram að þær séu lok eða tappar í skinnbelgjum og að þær kunni að tengjast lýsisframaleiðslu og lýsisgeymslu. Haft var samband við háskólana í Tromsö í N-Noregi og Þrándheimi og spurst fyrir um hvort fólk þar kannaðist við eins gripi. Niðurstaðan var neikvæð, engin kannaðist við slíka gripi. Aðspurðir töldu þeir einna helst að skífurnar frá Stöð væru



Mynd 26. Skífan frá Íslefsstöðum. (Ljósm. BFE).



Mynd 27. Taflan sem hugsanlega er frá Eyjafirði. (Teikn. BFE).

töflur í spili. Slík skýring er ekki út í loftið þar sem hringlaga skífur eru þekktar sem töflur. Það er þó mikill munur á þeim og skífunum frá Stöð. Í fyrsta lagi eru töflurnar frá Noregi mun betur gerðar og nær fullkomlega hringlaga. Í öðru lagi eru þær gjarnan skreyttar með myndum eða munstri. Í þriðja lagi eru þær mjög svipaðar að stærð innbirðis og minni (t. d. 1,2–7,1 sm í Bergen en um 5–15 sm á Íslandi) og í fjórða lagi eru þær gerðar úr timbri, beini (t.d. tönn), leir, tinnu, glerhalli og steini, einkum klébergi. Lítil vafi er á því að skífurnar úr beini og tré eru töflur úr spilum og margar þeirra úr klébergi einnig. Fjallað verður lítillega um skífur frá Noregi hér að neðan.

Á Íslandi hafa svipaðar steinskífur og frá Stöð fundist á fáeinum stöðum. Á Ísleifsstöðum á Hvítársíðu í Borgarfirði fannst ein skífa úr sandsteini sem krotað hafði verið á, mynd af hugsanlegum rostungi á aðra hliðina og einhverskonar búmark á hina (sjá mynd 26). Er hún 5,5 sm í þvermál (Stenberger 1943:166). Hugsanlega er þetta sambærileg skífa og skífan frá Stöð með geometrískra krotinu, en hún var 3,95–4,75 sm í þvermál (sjá mynd 23). Eina aðra skífu með kroti þekkir höfundur frá Íslandi sem líklega er kotrunafla (sjá mynd 27). Er það skífa frá óþekktum stað, hugsanlega Eyjafirði. Er hún úr mógráum leir og 2,7 sm í þvermál (Bjarni F. Einarsson 2007:137 o.áfr.). Krotað er á báðar hliðar. Á annarri hliðinni er m.a. kross og á hinni geometrískt munstur. Báðar þessar skífur með kroti eru trúlega spilatöflur. Til eru margar skífur á Íslandi úr sandsteini og timbri með skreyti sem eru örugglega kotrutöflur og mun yngri en skífurnar frá Stöð og þær koma ekki við sögu hér.

Skífur sem eru eins og skífurnar frá Stöð hafa fundist á nokkrum stöðum á Íslandi. Í Suðurgötu 3–5 í Reykjavík fundust fjórar skífur í elstu mannvistarlögunum (Nordahl 1988:69 o.áfr.). Þejar voru úr klébergi. Sú minnsta var 3,3–3,7 sm í þvermál og sú stærsta 9,2 sm.

Í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum fundust tvær skífur úr klébergi. Var önnur túlkuð sem slíplistseinn (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:25–26). Sú er 4,9 sm í þvermál. Í Sarpi er skífan túlkuð sem hálfunninn snældusnúður ([sarpur.is](#) HJD/VE/72-126/2001-21-126). Um hina skífuna sem er 3 sm í þvermál segir í Sarpi: „*Hringlaga og flatur, ljós klébergsgrípur. Hann hefur sýnilega verið formaður svona en spurning er í hvaða tilgangi. Hugsanlega getur grípurinn verið einhverskonar leikfang eða hluti af einhverju spili, þá kanski kotru.*“ ([sarpur.is](#) HJD/VE/72-261/2001-21-261).

Á Snjáleifartóttum í Þjórsárdal fundust fjórar skífur úr hveragrjóti og þar af var ein ferhyrnd. Stærsta skífan var 8,2 sm í þvermál. Skífnanna er ekki getið í grein né fundaskrá um rannsóknirnar og bárust eftir að rannsóknum lauk inn á Þjóðminjasafnið og þar talðar til óvissra nota ([sarpur.is](#) 1962-105). Aðeins ein önnur skífa á Íslandi er ferhyrnd, en það er skífa frá Hólmi í Nesjum, A-Barðastrandasýslu (Bjarni F. Einarsson 2015:286).

Á Stöng í Þjórsárdal fannst ein skífa úr glimmer-flögubergi (Roussell 1943:96). Hún var 5,6–5,8 sm í þvermál og talin vera hugsanleg kotrutafla í sarpi ([sarður.is](#) 13872/1939-43-53).

Þriðji staðurinn í Þjórsárdal þar sem skífa hefur fundist er í Áslákstungu innri. Er það skífa úr rauðum sandsteini sem er lausafundur. Hún er sögð lítil ([sarpur.is](#) 4168/1895-101).

Frá Bergþórshvoli er til skífa úr glimmer-flögubergi, 4,4 sm í þvermál. Öðru megin á skífunni er gat og liggja gagnstæðar skorur út frá því ([sarpur.is](#) 14968/1951-181-33). Önnur skífa úr sama efni fannst einnig á staðnum, en hún er mun stærri, eða 16,5 sm í þvermál. Hún er sögð vera slitinn undirsteinn úr kvörn sem er góð skýring ([sarpur.is](#) 14969/1951-181-34).

Í Fossárdal í Berufirði fannst skífa með gati úr dökkrauðum steini. Var hún 3,4 sm í þvermál með gati nálægt miðju ([sarpur.is](#) 15328/1953-60).

Í Skálholti fannst skífa úr leirsteini og 3 sm í þvermál. Fundarstaður er óviss (Kristján Eldjárn o.fl. 1988:86).

Að lokum fannst skífa úr beini í skála í Kúabót í Álfaveri. Var hún 4,5 sm í þvermál með gati í miðju (Gísli Gestsson o.fl. 1987:78).

Þegar farið var í gegnum gagnasafn safnsins í Þrándheimi undir liðnum skífur (norska; skiver) reyndust nær allar steinskífur vera annaðhvort frá steinöld eða miðöldum. Samtals voru 810 skífur skráðar og aðeins sjö voru frá víkingaöld. Þær voru úr blýi (tvær), ein úr tinnu, tvær úr klébergi og tvær úr leir. (<https://collections.vm.ntnu.no/>).

Um skífur úr steini frá Bergen er alls ekki víst að um töflur sé að ræða og stungið upp á því að skífurnar kunni að vera gróf met eða lóð eða undanfari svokallaðra reiknipeninga sem algengir voru á miðöldum. (Koksvik Lund 2010). Einnig er stungið upp á því að skífurnar kunni að vera ófullgerðir snældusnúðar. Örfáar ferhyrndar skífur eru í þessum söfnum frá Noregi, bæði úr steini, tré og beini (Koksvik Lund 2010:37).

Á nokkrum norskum skífum er gat, stundum við miðjuna, stundum ekki. Engin skífa frá Stöð er með gati, þær einu með gati frá Íslandi eru frá þremur stöðum, Bergþórshvoli, Fossárdal og Kúabót. Gatið er hægt að útskýra sem gat fyrir tappa, svo hella mætti úr skinnbelginum án þess að fjarlægja skífunu. Flatir snældusnúðar með gati í miðjunni eru þekktir og slíkir snúðar eru af E og F típu ([Öye 1988:38](#)).

Á eynni Unst á Hjaltlandseyjum fundust sjö skífur úr steini í rústum sem kallast Norwich. Ein þeirra er talin vera pottlok og er hún 9 sm (eða 8,2 annarsstaðar í textanum bls. 45) í þvermál. Ein var 6,4 sm í þvermál og önnur var 5,7 sm. Um aðrar er þvermáls ekki getið. Engar skýringar eru gefnar á þessum skífum sem allar eru úr flögubergi nema ein sem var úr ógreindum steini (Bond o.fl. 2007:36). Fleiri skífur kunna að hafa fundist á staðnum, en verið kallaðar snældusnúðar eins og t.d. gripur nr. SF1090 (sama bls. 40). Um hann er sagt; „*this whorl is relatively crude. The perforation is slightly off centre and as mentioned is oval rather than circular.*“

Orðið húðkeipur þýðir skv. orðabók Blöndals m.a. skinnpoki einkum undir lýsi. Að keipa þýðir að góla eins og selur. Samkvæmt sömu orðabók þýðir orðið pjanki (pjanka) poki gerður úr skötumaga til að geyma lýsi. Orðið pjaki þýðir húðkeypur eða poki úr selsmaga til að geyma lýsi (Lúðvík Kristjánsson 1987:434). Lýsi var m.ö.o. geymt í skinnpokum á seinni öldum allavega.<sup>2</sup> Heitið húðkeypur bendir til þess að lýsi úr sel hafi verið áberandi og mikilvægt í lýsisframleiðslu.


Allt eru þetta hreinar getgátur um hlutverk steinskífna í Noregi alveg eins og getgátur um hlutverk þeirra hér. Það er harla ólíklegt að 93 töflur úr spili finnist á einum bæ eins og í Stöð. Þær hljóta að hafa skipt máli í daglegu lífi fólksins í Stöð og einkum hinu praktíska lífi sem átti sér einkum stað í rými 5, skemmunni.

Dreifing skífnanna um rannsóknarsvæðið bendir til þess að þær tilheyri einkum tveimur rýmum, annarsvegar rými 3 og hins vegar rými 5. Hafi skífurnar verið notaðar við geymslu á lýsi í skinnpokum hefur sú geymsla verið í rými 5 en lýsið notað mest í rými 3, þ.e.a.s. skálanum. Að lokum má benda á að tveir leðurbútar (annar meintur) fundust í skálanum, annar í rými 1 (búrinu) og hinn í rými 5 (skemmunni).

Af 33 snældusnúðum sem fundist hafa fram að þessu í Stöð fundust 32 í eða við skálann. Tvo (lausafundir) var ekki hægt að staðsetja nánar í skálanum, einn fannst í vegg hans og einn í stéttinni utan við skálann. Í austasta rými skálans fundust 14 snældusnúðar. Í göngunum fundust 5 snúðar og austan við Y 205 línuna fundust allir snúðarnir í rými 3, eða sex að tölu. Enginn snældusnúður fannst sumarið 2021.


Sumir snældusnúðar geta tilheyrt Húsi 3, en þeir voru að hámarki 5, líklega færri.

Átta snældusnúðar voru gerðir úr klébergi og restin úr íslensku bergi, yfirleitt úr rauðum sandsteini. Flestir snældusnúðarnir voru af A-gerð sem



Tafla 4. Þyngd snældusnúða frá Stöð. Þyngsti snúðurinn er skilgreindur sem borsnúður.

<sup>2</sup> Á ljósmynd í fyrsta bindi Íslenskra sjávarháttar eftir Lúðvík Kristjánsson má sjá pjaka hangandi á vegg. Á pjakanum er annarskonar tappi en hér er stungið upp á. (1981:430).



Tafla 5. Þyngd kljásteina frá Stöð. Líklega eru tveir þeir þyngstu sökkur.

er algengasta gerðin á Íslandi frá víkingaöld (Árman Dan Árnason 2015).

Einnig fundust snúðar af B-, E-, F- og G-gerð.

Ekki var þó hægt að greina alla snúða til formgerðar og í vissum tilfellum voru þeir blanda af gerðum. Léttasti snúðurinn var aðeins 4,7 g og var hann heill. Sá þyngsti var 258,9 g. Þann síðastnefnda er réttara að kalla borsnúð. Stungið hefur verið upp á því að snældusnúðar sem eru þyngri en 50 g kunni að vera borsnúðar (Öye 1988:37-38). Ef sú skilgreining er rétt eru þeir sjö talsins frá Stöð. Sjö snúðar voru 10 g eða minna. Meðalþyngd heilla snúða yfir 10 g var 38,5 g.

*„It has been estimated that about 6 kg of wool and approximately 42.000 m of spun yarn was needed to make a complete male and a complete female Viking Age costume in a coarse quality, and that it would take one spinner around 800 hours to spin this amount of thread.“* (Andersson 2011:2). Þetta er býsna mikil vinna sem leggja þurfti í klæði á fólk. Ef við ýmundum okkur að 10 mans hafi búið í Stöð á 9. og 10. öld (sem er algert lágmark), hafa 8.000 klukkustundir farið í að gera fót á fólkið. Af hverri kind fékkst 1–1,5 kg af þveginni ull og af hverrjum sauð 1,75–2,5 kg af samskonar ull (Aðalsteinsson 1991:286). Það þurfti því 60 kg af ull úr 40–60 kindum eða 30–34 sauðum. Svo þurfti að spinna garn fyrir ýmislegt annað, allt frá pokum, dúkum og jafnvel segl, en í eitt segl af minni gerðinni þurfti ull úr 150 kindum Anderson 2016:23).



Mynd 28. Snældusnúður úr klébergi sem fannst við vélgröft í rými 5 í yngri skálanum. Hann er 24,3 g að þyngd. (Frn. 2018-173. Ljósmt. BFE).



Mynd 29. Kljásteinn úr steini (móberg?) sem fannst í rými 4 í yngri skálanum. Hann er 24,7 g að þyngd. (Frn. 2019-63. Ljósmt. BFE).

Snældusnúðarnir sýna að alls kyns garn var spunnið, allt frá því finasta til hins grófasta. Af heilum snúðum, 23 stykki, er þyngd þeirra misjöfn sbr. töflu 4, en þar eru einnig brotnir snúðar metnir. Minnstu snúðarnir eru yfirleitt tengdir höfðingjastéttinni og verslunarstöðum.

Af 11 kljásteinum fundust fjórir í austasta rýminu og tveir í göngunum. Austan við Y 205 línuna fundust 10 kljásteinar. Þeir voru með boruðum, klöppuðum og náttúrulegum götum. Í nokkrum tilfellum voru götin gerð með blöndu af þessu. Einn kljásteinn var hálfunninn, en borað hafði verið báðum megin frá en ekki í gegn. Ekki er hægt að útiloka að einhverjir steinarnir hafi verið sökkur eða hvorutveggja. Sérstaklega tveir þeir þyngstu. Léttustu steinarnir tveir voru brotnir og hafa trúlega verið á bilinu 401–500 g í upphafi. Greining til tegunda er tilgangslítil þar sem um náttúrulega steina hefur verið að ræða sem eru týndir upp og annaðhvort notaðir beint og/eða í þá borað eða klappað gat eftir þörfum. Þó má grilla í fæinar gerðir eins og B og C gerð (Öye 1988:59). Eitt eiga þeir þó allir sameiginlegt, fyrir utan einn stein, að götin eru nálægt brún sem er einkenni á kljásteinum yfirleitt, en það á einnig við um sökkur ef þær voru með gati.

Fjórir kljásteinar voru yfir 500 g að þyngd, en sá léttasti var 249,9 g. Meðalþyngd þeirra sem út af liggja var 365,55 g. T.d. var meðalþyngd kljásteina frá Hólmi, að undanskildum þeim þyngsta og léttasta, 385,3 (Bjarni F. Einarsson 2015 (a):274). Greiningin á þyngdunum bendir til þess að þyngdir frá 301–500 g hafi verið algengastar í Stöð, einkum á bilinu 301–400 g. Enginn kljásteinn hefur fundist í eldri skálanum svo að víst sé. Níu kljásteinanna fundust sumarið 2019 og hinir tveir sumarið 2020.

Snældusnúðarnir og kljásteinarnir tilheyra rýmum 3 og 5, alveg eins og skífurnar. Af þessu má draga þá ályktun að tóvinna hafi farið fram í báðum rýmum, spuni og vefnaður. Sennilegast er að vefnaðurinn hafi farið fram í rými 5.

Báðir skutlarnir sem fundist hafa í Stöð fundust í rými 5 og eru þetta tveir af fjórum skutlum sem fundist hafa í híbýlum fólks á Íslandi á víkingaöld. Hinir fundust í Vogi í Höfnum og Suðurgötu 3–5 í Reykjavík (Else Nordahl 1988:141).<sup>3</sup> Í Reykjavík fannst einnig spjót. Annar skutullinn



Mynd 30. Kljásteinn/sakka sem fannst í vegg yngri skálans. Úr ísl. steini með náttúrulegu gati sem klappað hefur verið í. (Fnr. 2019-16. Ljósm. BFE).



Mynd 31. Kljásteinn/sakka úr ísl. steini sem fannst í rými 3 í yngri skálanum. Gatið er bæði borað og klappað. (Fnr. 2019-304. Ljósm. BFE).

<sup>3</sup> Skutlar eru líka spjót og spjót eru líka skutlar. Skutullinn frá Suðurgötu er mjög hæpinn.

frá Stöð er líklega með agnúa og er hugsanlega af G-gerð eins og hinn og eru þá frá seinni hluta víkinga-alda eða frá 900–1050 (Kristján Eldjárn 1956:279). Þessi greining er ekki fullnægjandi.

Spjót hafa fram að þessu eingöngu fundist í kumlum eða sem lausafundir á víðavangi (upplásnu landi eða við jarðvegsvinnu af hverju tagi) (Kristján Eldjárn 2016).

Perlur eru nú orðnar 176 talsins í Stöð og finnast í öllum rýmum skálans, en þó sýnu fæstar í rými 1, búrinu. Eru þær orðnar þriðji algengasti gripaflokkurinn í Stöð og finnast í báðum skálum og utan þeirra. Mest er af perlum í rými 3 og 5 og því næst í rými 2. Athyglisvert er að perlur í rými 5 eru fátaeklegri að gerð en perlur í hinum rýmunum. Gæti það bent til þess að fólk af lægri stigum hafi einkum vistast í því rými, svo sem vinnufólk eða jafnvél þrælar? Það kemur ekki á óvart ef rýmið er rétt túlkað sem skemma þar sem allskyns vinna við bústörf fór þar fram og þá vinnu annaðist vinnufólkid mest.

Fjölmennasti gripaflokkurinn í Stöð eru slegnir glerhallar, jaspisar og tinna. Finnst mest af þeim í rými 3, skálanum og næst mest í rými 5. Þau finnast einnig í eldri skálanum. Samtals voru 373 fundanúmer yfir jaspis (oft fleiri brot undir einu númeri), 300 fundanúmer yfir glerhalla (oft fleiri en eitt brot), 55 númer yfir tinnu og tvö yfir ópal. Samtals eru fundanúmer frá Stöð samtals orðin 1926 svo hlutur þessara steina er umtalsverður.

Gjall er ekki algengur fundur í Stöð. Úr yngri skálanum eru 12 fundanúmer skráð af 19 fundanúmerunum frá öllu svæðinu. Mest er í rými 1, en það hlýtur að stafa af truflun frá eldri skálanum. Smiðjan í honum er næsta rými til vesturs frá rými 1. Ekkert benti til þess að járnsmíðar hafi farið fram í rými 1.

Næst fjölmennasti gripaflokkurinn er járn, mest ógreinanlegir jármolar. Fyrir utan sauðaklippurnar, öxina og skutlana má nefna hóffjaðrir, meintan bátasaum, nagla, skinnur, hnoðnagla, öngla, síla og hnífa. Járn er algengast í rými 3 og næst á eftir í rými 2. Lang minnst er í rýmum 1 og 4. Þetta gæti bent til þess að mest hafi verið um innréttningar og hugsanlega þil í þessum rýmum, enda rými þar sem fólk hafðist mest við og væntanlega mest verið lagt í.

Öxin fannst í rými 2 og er af H-gerð sem þekkist á Íslandi (sjá forsíðumynd). Svipuð öxi fannst í Suðurgötu 3–5 (Else Nordahl 1988), en annars finnast axir yfirleitt í kumlum eða sem lausafundir á víðavangi. Þó eru þrjár aðrar axir sem fundist hafa við rannsóknir á bæjarstæðum á Íslandi, en það er á Bergþórshvoli (Kristján Eldjárn o.fl. 1952:47), í Goðatóttum I í Papey (Kristján Eldjárn 1989:141) og Suðurgötu 3–5 í Reykjavík (Else Nordahl 1988:138). Báðar þær fyrst nefndu eru af K-gerð, en öxin frá Reykjavík er ekki greind.



Mynd 32. Skutull sem fannst í rými 5 í yngri skálanum. Agnúi? á honum miðjum. (Fn. 2019-49. Ljósm. BFE).



Mynd 33. Skutull sem fannst í rými 5 í yngri skálanum. (Fn. 2019-327. Ljósm. BFE).

Gripur	Stöð (8,5 x 31,4 m)	Hofstaðir (9,5 x 38,4 m)	Hrísbú (9,1 x 29,2 m)	Granastaðir (7,9 x 16,8)	Hólmur (5,68 x 17,84 m?)	Reykjavík
<b>Snældusnúðar</b>	<b>29</b>	<b>11</b>	<b>6</b>	<b>15</b>	<b>4 + 2</b>	<b><math>4 + 23 + 4(+2?) + 12 = 43 (+2?)</math></b>
<b>Kljásteinar</b>	<b>10</b>	<b>16</b>	<b>12</b>	<b>3</b>	<b><math>27 + 17</math></b>	<b><math>5 + 12 + 1 + 25 = 43</math></b>
<b>Silfur</b>	<b>27</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>0 + 2</b>	<b><math>1? + 0 + 1 + 2 = 4</math></b>
<b>Blý</b>	<b>17</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0 + 1</b>	<b><math>1 + 2 + 1 (+1?) + 2 = 6 (+1?)</math></b>
<b>Gull</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b><math>0 + 0 + 0 + 0 = 0</math></b>
<b>Met</b>	<b>6</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0 + 2</b>	<b><math>1 + 1 + 0 + 2 = 4</math></b>
<b>Perlur</b>	<b>146</b>	<b>28</b>	<b>34</b>	<b>6</b>	<b>15</b>	<b><math>3 + 11 + 8 (+5?) + 40 = 62 (+5?)</math></b>
<b>Brýni</b>	<b>83</b>	<b>33 (16 frá vikingaöld)</b>	<b>20</b>	<b>4 (+3)</b>	<b>20</b>	<b><math>7 + 41 + 34 + 18 = 100</math></b>
<b>Kléberg</b>	<b>24</b>	<b>7</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>16</b>	<b><math>2 + 52 + 3 + 28 = 85</math></b>
<b>Skífur</b>	<b>63</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b><b>6 + 1</b></b>	<b><math>0 + 4 + 0 + 0 = 4</math></b>

Tafla 6. Samanburður á fjölda nokkurra efnisflokka og gripa frá yngri skálanum í Stöð og fleiri víkingaladar skálum. Aðeins gripir í skálanum í Stöð eru taldir hér með, en ekki gripir sem fundust annarsstaðar eða ekki var hægt að staðfesta um nákvæman fundarstað (lausafundir). Í hinum skálunum eru allir gripir taldir með, bæði í og utan við skálana. Í Hólmi eru gripirnir frá bæjarstæði (fyrri tala) og blótstað (seinni tala) og í Reykjavík er fyrsta talan frá Nordahl 1988, önnur frá Roberts (ed.) 2001, sú þriðja frá Völu Garðarsdóttur 2013 (frá tímabilinu 870–1200) og sú fjórða frá Lísabet Guðmundsdóttir (Byggingarstig I, um 9.–12. öld. Fundaskrá dags: 9.12. 2021. Í fundaskrá eru perlurnar taldar 28, en 12 fundust í ýmsum sýnum við úrvinnslu). Upplýsingar eru um að fjöldi perlna úr Lækjargötu sé í raun 40 en ekki 28. Frá Hólmi sýnir fyrri talan gripi á bæjarstæði og sú seinni gripi frá blótstað. Frá Reykjavík eru gripir í sviga sem ekki var hægt að tímasetja).

Bein varðveitast illa í Stöð og því finnast fá slík. Þetta á við marga staði á sunnanverðu landinu. Mest er af beinum í rými 3, þar sem búast má við að fólk hafi matast að öllu jöfnu, en þetta eru of fá bein til að draga stórar ályktanir.

Fram að þessu hafa nú 32 fundanúmer verið skráð af klébergi og eru brotin 51 talsins. Í yngri skálanum voru 24 fundanúmer skráð með 43 brotum. Þetta er með meira móti í íslensku samhengi, reyndar eru þetta flest brot frá einum stað frá vikingaöld á Íslandi. Mest er af kléberginu í rými 5.

Brýni voru skráð undir 120 fundanúmerum. Stundum voru þau brotin, en fjöldi brota er ekki talinn nú. Öll brýnin voru úr erlendu flögubergi nema eitt. Eitt brýni var ekki örugglega úr flögubergi. Í yngri skálanum voru brýnin flest í rými 2 og 3.

Sumarið 2021 fannst eitt met úr blýi og eru þau nú orðin sex að tölu (sjö ef gripur nr. 2020-37 er talinn með). Þrjú metanna fundust í rými 3 í yngri skálanum, eitt fannst í rými 1 og 1 í rými 5. Eitt var ekki hægt að staðsetja með vissu, en líklega er það úr rými 3. Um met og silfur/gangsilfur hefur áður verið fjallað í fyrri skýrslum, en slíkir gripir benda til þess að fólk hafi stundað verslun.

Sérstaka athygli vekur að gripir hafa verið að finnast í veggjum yngri skálans. Þar mátti finna járn (níu fundanúmer) eins og nagla, skinnur og ógreinanleg brot, jaspisa (11 fundanúmer) og glerhalla (10 fundanúmer), einn skrautstein úr ógreindum hvítum steini og eitt brot af hvorutveggja, tinnu og hrarfntinnu. Þessir gripir hafa mjög trúlega lent í veggnum af slysni

við smíðar á skálanum beint ofan á eldri skálanum, en einnig kemur til greina að eitthvað af þeim hafi komið úr eldri skálanum þegar rótað var á staðnum og nýji skálinn undirbúinn. Erfiðara er að útskýra aðra gripi í veggnum eins og brýni (tvö fundanúmer), einn kljástein og einn snældusnúðurinn var á mörkum veggja skálans og hefur ekki sést þegar veggurinn var tilbúinn. Þeir gætu annaðhvort verið úr eldri skálanum, eða þeir hafi verið lagðir í vegginn sem húsfór. Eins er með tvær perlur, klippta silfurmynt og einn skreyttann stein. Mest kemur á óvart að sex skífur fundust í veggnum. Ólíklegt er að þær hafi lent í veggnum af slysni. Líklegra er því að þeim hafi verið fórnað í vegginn þegar húsið var byggt, húsfór, eins og hinir gripirnir sem fundust í vegg (Bjarni F. Einarsson 2015:342–49). Þetta ýtir enn undir það hversu mikilvægar skífurnar voru í Stöð.

Eins og oft hefur komið fram í fyrri skýrslum eru Hofstaðir (Lucas 2007) og Hrísbú (Viking Archaeology 2014) talin höfðingjabýli og einir ríkustu skálar landsins þegar kemur að gripafjölda, eðalmálum og perlum. Samanburðurinn í töflu 4 sýnir að Stöð hefur verið höfðingjabýli langt umfram bæði Hofstaði og Hrísbú. Granastaðir (Bjarni F. Einarsson 1994) og Hólmur (Bjarni F. Einarsson 2015) eru fulltrúar meðalbæjarins sem hafa fátæklegri fundaflóru en hinir nefndu. Granastaðir og Hofstaðir eru inn til dala langt frá sjó, Hrísbú og Hólmur eru skammt frá sjó og Stöð er/var við sjó.

Líklega er Reykjavík eini staðurinn sem er sambærilegur Stöð hvað magn gripa varðar frá víkingaöld. (Nordahl 1988, Bjarni F. Einarsson 1995, Roberts o.fl. 2001, Howell Roberts o. fl. 2003, Orri Vésteinsson o. fl. [2006], Vala Garðarsdóttir 2010 og 2013 og Lísabet Guðmundsdóttir 2021). Í Reykjavík eru skálarnir margir og á stóru svæði. Nokkrir í Kvossinni og einn við Lækjargötu. Reykjavík er mest rannsakaði blettur á landinu hvað umfang varðar.

Í Reykjavík fannst mikið af jaspis, glerhalli, tinnu og ópal (Else Nordahl 1988), en nánari greining liggur ekki fyrir. Í Suðurgötu 3–5 fundust 118 brot af jaspis, 20 glerhallar, 11 tinnubrot og tveir ópalar (Else Nordahl 1988). Fáeinir jaspismolar voru taldir unnir. Í Aðalstræti 14 fannst aðeins einn jaspis og einn glerhallur í elstu lögunum (sama 1988). Þar fundust einnig skutlar, örvaroddar og öxi o. fl.

Í Aðalstræti 14–8 fundust í víkingaaldarlögum 43 jaspismolar, 21 ópalar, og einn glerhallur (Roberts (ed) 2001:70). Þeir voru allir taldir óunnir.

Á Alþingisreitnum (fasa IV) fundust engir jaspisar, glerhallar né ópalar, en þrjú tinnubrot.

## *Leitarsvæði*

### *Svæði við Prh. 3*

Prufuholan var fyrst grafin 2017 (1 x 1 m) og svo stækkuð 2020 talsvert. Þá var hún orðin 9,5 m löng. Úr holunni til austurs var einnig grafin 5 m langur skurður. Allir voru þeir 1 m breiðir. Nú var grafið norðan og sunnan



Mynd 34. Yfirlit yfir leitarsvæði Prh. 3. Sjá má bogadregna steinaröð og svart mannvistarlag hér og hvar. Uppi t.v. eru hola sem grafin var niður úr leitarsvæðinu til að kanna hve djúpt mannvistarlögin náðu og til að finna gjóskulög til sýnatöku (sjá mynd 28). Ekki liggur ljóst fyrir hvað steinaröðin býdir og ekki heldur hvort steinarnir neðan við hana merkja. Of lítið hefur verið grafið til að segja nokkuð með vissu. Fundafæðin, miðað við leitarsvæði Prh. B, bendir til þess að þarna sé ekki vinnuhús. (Stafr. myndir nr. 2021-392. Norður vísar upp. Ljósm. BFE).

Mynd 35. Snið í NV horni Prh. 3. Við eftir enda stikunnar má grilla í ljóst gjóskulag, sem er Öræfajökull 1362. Ofan við það, í grásrótinni, er svart gjóskulag frá Veiðivatnagosinu 1477. (Sjá einnig 1. mynd í fylgiriti. Stafrænar myndir nr. 2021-352. Horft mótt N. Viðbætur og ljósm. BFE).

við A–V skurðinn og austan við N–S skurðinn og svæði opnað sem var 8 m x 9,5 m (A–V). Í NV–horninu var þó skilin eftir 1 x 2,6 m stórt svæði.

Mannvistarlag náði yfir meiri hluta svæðisins og norðan við miðju kom í ljós steinaröð se myndaði bogadregna línu sem lá því sem næst ANA–VSV. Ekki liggur fyrir hvers kyns steinalög þetta var, en ekki varð vart við torf svo að víst sé, en það er ekki útilokað að svo verði. Sunnan við þessa steinalög var reitingur af steinum og vestan við þá mögulegar dræsur af



STÖD sýni 2021						Ath. BFE
Nr Bjarni	Form sýni	Meðferð	Viðartegund	Eiginaldur sýni Athugasemdir ÖE C-14 ofl		
74 74-1	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	19 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
74-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	19 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
74-3	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	18 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
74-4	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	40 ár	Nei, of hár eiginaldur	Úr langeldi húss 2
75 75-1	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	12 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
75-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	10 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
76 76-1	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	23 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
76-2	Kol	Skolað og hreinsað	Eik	4 áhringir	EKKI C-14	Úr langeldi húss 2
76-3	Kol	Skolað og hreinsað	Eik	3 áhringir	EKKI C-14	Úr langeldi húss 2
77 77-1	Kol	Skolað og hreinsað	Barrvöður líklega fura	3 áhringir	EKKI C-14	Undir aukevaggi í húsi 2
77-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	4 áhringir	EKKI C-14	Undir aukevaggi í húsi 2
78 78-1	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	27 ár	Sæmilegt C-14, frekar hár eiginaldur, getur gefið af háan aldur	Vid vegg inni i húsi 3
79	Kol	Skolað og hreinsað				Vid vegg inni i húsi 3
80	Kol	Skolað og hreinsað	Einir	58 áhringir	EKKI við borken nálað, skar frá yngstu 15 áhringina og setti í poka merktan 80-1, getur gefið af háan aldur	Vid vegg inni i húsi 3
81 81-1	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	9 ár	Gott C-14	Vid vegg inni i húsi 3
81-2	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	7 ár	Gott en 81-1 er betra fyrir C-14	Vid vegg inni i húsi 3
82 82-1	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	14 ár	GOTT C-14	Prh. 3
82-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	8 ár	Sæmilegt C-14, ekki við bork gæti gefið af háan aldur	Prh. 3
82-3	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	17 ár	Gott C-14	Prh. 3
82-4	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	7 ár	Gott C-14	Prh. 3
83	Kol	Skolað og hreinsað				Vid vegg inni i húsi 3
89 89-1	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	24 ár	C-14 ok	5 syni valin úr poka til greininga. Úr langeldi
89-2	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	20 ár	C-14 ok	Úr langeldi húss 2
89-3	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	9 ár	C-14 ok	Úr langeldi húss 2
89-4	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	14 ár	C-14 ok	Úr langeldi húss 2
89-5	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	7 ár	C-14 ok, besta sýnið í 89	Úr langeldi húss 2
90 90-1	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	12 ár	Gott C-14	5 syni valin úr poka til greininga. Úr langeldi
90-2	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	15 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
90-3	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	14 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
90-4	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	16 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
90-5	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	12 ár	GOTT C-14, besta úr poka 90	Úr langeldi húss 2
91 91-1	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	30 ár	Sæmilegt C-14 en frekar hár eiginaldur	3 bestu valin úr poka. Úr langeldi húss 2
91-2	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	38 ár	Sæmilegt C-14 en frekar hár eiginaldur	Úr langeldi húss 2
91-3	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir/birkir	18 ár	GOTT fyrir C-14	Úr langeldi húss 2
92 92-1	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	27 ár	Gott C-14	3 bestu sýnin valin úr poka. Úr langeldi
92-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	15 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
92-3	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	14 ár	Gott C-14	Úr langeldi húss 2
93 93-1	Kol	Skolað og hreinsað	Birki/viðir	12 ár	GOTT sýni fyrir C-14	Úr langeldi húss 2
93-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki/viðir	18 ár	GOTT C-14	Úr langeldi húss 2
93-3	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	33 ár	Sæmilegt fyrir C-14	Vid vegg inni i húsi 3
94 94-1	Kol	Skolað og hreinsað	Viðir	15 ár	GOTT C-14	Besta úr poka 94. Vid vegg Höss 3
94-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	10 ár	GOTT C-14 sýni	Vid vegg inni i húsi 3
94-3	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	15 ár	Gott C-14	Vid vegg inni i húsi 3
95 95-1	Kol	Skolað og hreinsað	Birki	11 ár	GOTT C-14	Two bestu kolinn valin úr poka. Úr húsi 2 eða 3
95-2	Kol	Skolað og hreinsað	Birki/viðir	20 ár	Sæmilegt C-14	Úr húsi 2 eða 3
96 96-1	Kol	Stesta kolabrottið í pokanum, skolað með vatni.	Birki	5 áhringir	Sæmilegt sýni, lítið, gæti gefið aðeins of háan aldur en er nálaðt berki. Ef mikilvægt þá OK að senda í C-14.	Prh. 3

Tafla 7. Viðartegundagreining allra viðarkolasýna sem tekin voru sumarið 2021. Lang flest viðarkolin voru úr íslenskum trjátegundum, eða trjátegundum sem vaxa á Íslandi. Þó má sjá tvö sýni úr eik og eitt úr meintri furu. (Greininguna annaðist dr. Ólafur Eggertsson).

torfvegg. Aðeins var hægt að grafa efst í mannvistarlögunum og því þarf holan að bíða næsta uppgraftatímabil.

Mjög lítið af gripum fannst á þessu svæði, en 15 fundanúmer hafa verið skráð fram að þessu. Efst í áfokslögum fundust grænt gler úr ungrí flösku og bein. Í mannvistarlögunum voru tvö fundanúmer yfir ógreinanlegt járn, einn jaspismoli, tvö yfir tinnu, eitt með bæði jaspis og glerhalli og fimm fundanúmer með beinum, bæði brennd og óbrennd. Eitt beinanna kann að vera fuglabein og eitt bein var gegnheilt og minnti einna helst á vax. Þetta bein þarf að skoða sérstaklega bæði hvort um eiginlegt bein hafi verið að ræða og hvort þetta geti verið tönn sem er illa farin.

Tvö viðarkolasýni voru tekin í Prh. 3 og annað þeirra sent til aldursgreiningar. Bæði sýnin voru úr birki og annað þeirra hentugra til C-14 greiningar, eða sýni 82:1. Eiginaldur þess var 14 ár. Niðurstaðan var  $1130 \pm 30$  BP (sjá mynd 33). Þessi niðurstaða liggur nær eldri skálanum en þeim yngri.

Fimm gjóskusýni voru tekin á svæðinu í NV-horninu (sjá mynd 29). Nánar verður gerð grein fyrir gjóskugreiningunni hér að neðan. Undir sýni 87 eru mannvistarleifar og einnig undir sýni 88, en ekki eins umfangsmiklar. Sýni 87 er lykilsýni, en ekki hefur reynst mögulegt að greina í sundur tvö lög sem koma til greina sem bæði eru úr Grímsvötnum, það er gjóska frá 985, 885 eða 875 e. Kr.



Mynd 36. Yfirlit yfir svæði Prh. B við lok rannsókna 2021. Sjá má móta fyrir ferningslagi lagi með torfsneplum (þaktorfur?). Utan um það er svart mannvistarlag. Í sniði í skurðinum t.h. mátti sjá niðurgröft. Hugsanlega er þetta jarðhýsi, en of snemmt að staðfesta nokkuð. (Stafr. myndir nr. 2021-396. Norður vísar upp. Ljósm. BFE).

Mannvistarlögin voru í aðalatriðum tvö. Annarsvegar var mjög svart og kolaríkt lag og hins vegar lag undir því með mikið af viðarkolum og brenndum beinum. Svæði þetta verður væntanlega stækkað til suðurs og austurs.

#### *Svæði við Prh. B*

Síðastliði sumar var grafinn 7 m langur (A–V) skurður og eins m breiður þar sem yfirborðsgreining benti til mannvirkja. Nú var ákveðið að grafa 5 x 5 m stórt svæði norðan við þennan skurð.

Í skurðinum frá 2020 var komið niður á útflattann torfvegg á 0,26–0,34 m dýpi og mannvistarlag sín hvor megin. Austan megin virtist geta verið gólf. Veggurinn var 1,44–1,99 m breiður.

Vestan við vegginn var talsvert af brenndum steinum, viðarkolum og sóti. Austan við veggin var mannvistarlag sem gæti verið gólf sem þó virtist ekki ná að endimörkum skurðarins til austurs, en mannvistarlag gerði það þó. Þetta meinta gólf var lagskipt með ljósum millilögum með mjög mikið af brenndum beinum. Talið var hugsanlegt að skurðurinn hafi legið um dyr í húsi, því veggurinn sást ekki í suðursniðinu, en hið meinta gólf virtist halda áfram til vesturs. Niðurstaðan síðastliðið sumar var sú að hér sé hús sem gaf góð fyrirheit um frekari rannsókn. Rannsnóknin sumarið 2021 skýrði þetta mannvirki ekki nægilega vegna þess að of stutt hefur verið grafið niður enn sem komið er. Ýmislegt bendir til þess að þarna kunni jarðhýsi að leynast. Frekar verður ekki sagt að svo stöddu.

Nú hafa 93 fundanúmer verið skráð á leitarsvæðinu með mun fleiri brotum þar sem mörg brot voru undir sama númerum í nokkrum tilvikum. Þetta eru 25 fundanúmer yfir járn, 15 yfir brýni og eitt yfir brýni og jaspis, átta perlur, fimm skífur, fjögur bein, fjögur yfir tinnu og eitt sem er meint tinnubrot, tveir steinar og afgangurinn jaspis, glerhallur og kristalar. Mun meira er af jaspis en glerhalli eða um fjórum sinnum meira. Þessi gripaflóra bendir til þess að þarna sé mannvirki, t. d. vinnuhús af einhverju tagi, en ekki liggur fyrir hvorum skálanum það tilheyrir í tíma. Á meðal beinanna voru tvær hákarlatennur.

Mest af járninu voru ógreinanlegir molar, en þó voru þar fimm naglar, einn rónagli, einn meintur sill og ein meint nál.

Öll brýnin voru úr erlendu flögubergi og öll flísar eða lítil brot, nema eitt sem getur verið ljábrýni. Það bendir til vinnu á svæðinu.

Sex af perlunum voru úr gleri og tvær úr rauðum leirsteini.

Engin gjósku- eða viðarkolasýni voru tekin af svæðinu nú.

### Sjávarstaða

Rannsóknir á gjósku og setlögum í dalbotni Stöðvarfjarðar benda til þess að fjörðurinn hafi náð mun lengra inn dalinn árið 1362 en hann gerir nú (Haukur Árni Björgvinsson 2020). Hefur fjarðarbotninn verið beint niður af skálunum. Upp úr 800 hefur fjörðurinn líklegast náð lengra inn dalinn, enda er landris á þessum hluta landsins, líklega að minnsta kosti um 3,6 m á síðustu 1200 árum (T. Árnadóttir o.fl. 2009). Mælingar benda til þess að



Mynd 37. Allar perlur sem fundist hafa fram að þessu á svæði Prh. B. Stærsta perlan verður að teljast vafagemsí og gæti verið lítill snældusnúður. (Ljósm. BFE).




Mynd 38. Tvær hákarlatennur sem fundust í Prh. B. (Ljósm. BFE).

lítil vík kunni að hafa verið beint fyrir neðan skálana á einhverjum tímapunkti. Þessar niðurstöður verða notaðar til að freista þess að finna naust á svæðinu.


### Greiningar

Tekin voru 19 viðarkolasýni úr báðum skálunum og tvö úr Prh. 3. Öll voru þau viðargreind áður en þau voru send til frekari aldursgreininga. Þrjú sýni voru valin til aldursgreininganna, tvö úr eldri skála og eitt úr Prh. 3. Viðargreininguna annaðist dr. Ólafur Eggertsson hjá Skógrækt ríkisins á Mógilsá. Sýnin voru úr birki, víði, furu, einir og eik. Aðeins sýni sem talin voru góð til C-14 greininga og úr innlendum tegundum voru send. (sjá töflu 7). Tvö sýnanna voru tekin við innri vegglinu Húss 3 (sýni 93 og 94, birki) og eitt var tekið í Prh. 3 (sýni 82, víðir).


Fimm gjóskusýni voru tekin við



Mynd 39. Sýni 82:1 leiðrétt. Sýnið var úr birki með eignaldur upp á 14 ár.



Mynd 40. Sýni 93:1 leiðrétt. Sýnið var úr birki/víði með eignaldur upp á 12 ár.



Mynd 41. Sýni 94:1 leiðrétt. Sýnið var úr víði með eignaldur upp á 15 ár.

rannsóknirnar og öll á svæði Prh. 3. (sjá mynd 34). Voru þau tekin í sama sniði og undir gjóskulagi sem er talið vera Öræfajökull 1362. Öll þessi sýni voru send í greiningu og annaðist próf. Þorvaldur Þórðarson greininguna (sjá mynd 35 af sniðinu).

Aldursgreiningarnar benda til þess að mannvistarlögin í Prh. 3 kunni að tilheyra eldra skeiðinu, eða Húsi 3. Þær benda einnig til þess að Hús 3 kunni að hafa lifað eitthvað inn í landnámið eins og áður hefur verið bent á.

Sýni sem voru tekin á tveimur stöðum (sunnan við skálana) og í Prh. 3 í ágúst 2020 eru enn í DNA greiningu. Staðfest er að í þeim finnast DNA leifar, bæði úr plöntum, skordýrum og spendýrum, þar á meðal fólki, laxfiskum, flugum, rækjum eða krabbadýrum og smáhvöllum. Þetta eru frumniðurstöður og ekki hægt að draga of miklar ályktanir af þeim. Þó eru vísbendingar um að grasplöntur hefji ekki innreið sína fyrr en á seinna tímaskeiði Stöðvar, þ.a.s. skeiði yngri skálans, en víðirinn fer að hopa umtalsvert á hinu fyrra skeiði eldri skálans. Á báðum skeiðum finnst DNA úr hvöllum eða smáhvöllum, laxfiskum o.fl. Engin húsdýr hafa greinst fram að þessu.

Svipaða sögu er að segja um sýni sem tekin voru úr hringlaga holu í Prh. D í fyrrasumar. Í þeim eru DNA leifar úr spendýri, en nánari greining liggur ekki fyrir að svo stöddu.

#### *C-14 greiningar*

Nú hafa samtals 14 C-14 greiningar verið gerðar á sýnum frá Stöð og víðarkolasýnin orðin 65 talsins. Lang flest sýnin hafa verið greind til tegunda, en sum sýnin var ekki hægt að greina og/eða að um annað efni en trú var að ræða. Þau sýni koma ekki til álíta í C-14 greiningu.

Hingað til hafa öll sýni úr barrtré tengst eldri skálanum, en nú fannst barrtré í einu sýni úr húsi 2, en það lá undir viðbótarvegg að sunnanverðu og tilheyrir því eldri hluta hússins, en þó er ekki hægt að fullyrða að það hafi ekki tengst yngsta gólfí eldri skálans. Sem fyrr ber mest á birki og víði.

Niðurstöður þriggja aldursgreiningana sem nú voru gerðar voru að tvö sýnanna voru  $1100 \pm 30$  ára gömul óleiðrétt og eitt var  $1130 \pm 30$  ára óleiðrétt (sjá myndir 39–41). Sýnin tvö sem voru  $1100 \pm 30$  ára gömul eru bæði tekin úr Húsi 3, eldri skálanum. Voru þau undir suðurvegg yngri skálans alveg upp við vegg hins eldri. Niðurstöðuna túlkur höfundur sem sterka vísbendingu um að eldri skálinn hafi verið í brúki eitthvað inn í landnámsöldina. Fleir sýni þurfa að koma til.

#### *Gjóskugreining (sjá fylgirit)*

Greind voru fimm gjóskusýni sem öll voru tekin úr sama sniði í Prh. 3 (sjá mynd 34 og 35). Efst í sniðinu voru tvö gjóskulög sem ekki þótti ástæða til að greina, en það voru Veiðivötn 1477 og Öræfajökull 1362. Efsta lagið sem greint var reyndist vera Grímsvötn 1159. Næstu tvö gjóskulög eru úr þremur gosum í Grímsvötnum, Öskju og Fremri Námum og eru annaðhvort frá miðri 10. öld eða fyrri hluta 11. aldar.

Næst neðsta lagið er úr Grímsvötnum, annaðhvort frá árinu 875, 885 eða 985. Ekki er hægt að greina á milli að svo stöddu. Ef reiknað er með ákveðnum jarðmyndunarhraða, eða að 7-8 sm hafi myndst á 65 árum þá er toppurinn á mannvistarlaginu í sniðinu frá 810 eða 920.

Neðsta lagið er blandað lag með leifum af H4 gjósku sem er meira en 4000 ára. Annaðhvort hefur gjóskan komið við sýnatökuna sjálfa (sem verður að teljast afar ólíklegt þar sem þessa gjósku var hvergi að sjá í sniðinu, en hún er býsna þykk um nær allt) eða hún kom vegna endurflutnings á efni. Slíkt gæti t.d. gerst ef grafið hefur verið niður í jörðina og efni kastað upp á bakkann. Þetta má túlka sem vísbendingu um að á rannsóknarsvæði Prh. 3 kunni að leyнast slíkur niðurgröftur.

Nánari grein er gerð fyrir gjóskugreiningunum í meðfylgjandi fylgiriti.

### **Hugleiðingar og næstu skref**

Nú er rannsónum á yngri skálanum í Stöð lokið hvað varðar mannvistarög, en reitur eru eftir af veggnum og hann verður kláraður á næsta sumri ef allt gengur eftir. Rannsókn á eldri skálanum mun hefjast samhliða loka hnykknum á þeim yngri.

Svæði við Prh. 3 og Prh. B verða rannsökuð frekar og stærri svæði opnuð til suðurs og austurs í báðum tilfellum. Byrjað verður á því að hefja skipulagða leit að hugsanlegu nausti niðri í dalbotninum, eða þar sem brekkan mætir flötunum. Þess verður freistað að nota jarðsjá, LiDAR og hitamyndavél til að finna hugsanlegt naust og fleiri rústir í túninu austur af skálunum.

Á svæðinu sem Prh. B er finnast gripir sem benda til híbýla, en nánari rannsókn mun vonandi varpa skýrara ljósi á hvers kyns mannvirki eru þar.

Prh. 3 verður sífellt áhugaverðari. C-14 niðurstaðan bendir til þess að mannvistarög þar tilheyri einkum eldri skálanum og í DNA sýnum eru leifar plantna og spendýra. Frekari greining á spendýrum er í ferli. Fundafæðin í prufuholunni vekur einnig athygli sem gæti bent til þess að þarna hafi mjög sérhæfðar athafnir farið fram sem ekki skilja eftir sig gripi. Ekki er hægt að útiloka að um ruslahaug eða ruslaholu sé að ræða, eða að lífræn efni hafi verið unnin og verkuð á staðnum.

Eins og fram hefur komið áður eru líkur á því að útstöðvatímabilið á Stöð kunni að hafa náð eitthvað inn í landnámið. C-14 niðurstöðurnar benda til þess.

Sú spurning hefur vaknað; af hverju valdi landnámsmaður Stöðvar að setjast að í þessum firði en ekki nálægum fjörðum sem eru mun betur fallnir til hefðbundins búskapar en Stöðvarfjörður. Þar er umfangsmeira láglendi og víðfeðmari mýrar með meiri grastekju- og járngerðar mökuleikum en Stöðvarfjörður bauð upp á. Svörin við þessari spurningu eru flókin og mörg. Eitt svarið gæti verið að sjávarnytjar hafi skipt meira máli en hefðbundinn búskaður með kindur, kýr, svín, geitur og hesta. Annað svar gæti verið að hinir firðirnir hafi verið uppteknir af öðrum. Enn eitt svarið gæti verið að guðirnir hafi vísað á þennan fjörð. Besta svarið er kannski að í firðinum voru hús fyrir og því hentugast að byggja þau upp aftur og fara svo í aðra firði eftir atvikum og sækja þar í auðlindir. Stöðvarfjörður gat hafa verið miðsvæðis í hugum

landnemanna og þaðan var hægt að fara til suðurs eða norðurs og afla aðfanga eftir hentugleikum. Síðar hefur þessi möguleiki dvínað þegar landið tók að byggjast og aðrir hafa gert tilkall á nýtingu auðlinda í sinni sveit eða sínum firði og höfðinginn í Stöðvarfirði missti afl sitt og býlið hvarf svo í móðu tímans og er svo ekki getið aftur fyrr en um 1200 í kirknaskrá Páls biskup Jónssonar (Ísl. fornbréfasafn 1923–32:5).

Kirkju í Stöð er getið í Hítardalsbók og þar segir að hún eigi heimaland allt með þess gögnum og gæðum (Ísl. fornbréfasafn 1996:233). Í elsta máldaga kirkjunnar frá 1491–1518 kemur fram að kirkjan er ekki sérstaklega rík af kirkjugripum, á einn kaleik og ein messuklæði vond fyrir utan heimaland allt með gögnum og gæðum (Ísl. fornbréfasafn 1903–1907:31).

Pessi þróun getur hafa átt sér stað víðar á landinu, bær sem voru vel í sveit settir upphaflega reyndust það ekki þegar þrengja tók að þeim við fjölgun fólks í landinu. Vík (Reykjavík) gæti verið eitt slíkt dæmi.

Vert er að benda á að ákveðin verkenning sem tilheyrir eldri skálanum í Stöð heldur áfram í þeim yngri. Einkum eru það tvö atriði sem eru athyglisverð. Skífur finnast í báðum skálum og gripir úr jaspis, glerhalli og tinnu finnast í þeim báðum. Þetta getur bent til þess að fólk frá sama svæði í Evrópu með sömu verkenningu hafi bæði nýtt útstöðina og sest þar að. Því er ekki hægt að útiloka að sað höfðingi sem sendi fólk sitt í útstöðina hafi sjálfur, ásamt sama fólk að einhverju leiti, numið þar land að lokum. Það gæti varpað einhverju ljósi á örnefnið. Þar var útstöð og þar var landnámið í stöðinni og gaf firðinum nafn sitt. Fólkid hefur haldið áfram að vinna það hráefni sem sóttst var eftir í upphafi og komið því á markað í Evrópu, en gangsilfrið og metin benda til þess að verslun hafi verið hluti af hinu daglega lífi í Stöð og höfðingjar stunduðu verslun. Hugsanlega geta DNA rannsóknir varpað ljósi á þetta.

ENN hefur faraldurinn haft áhrif á nánari vinnu við jaspisana, glerhallana og tinnuna. Úr því verður bætt um leið og færi gefst. Það er þó ljóst á bak við þessa gripi er mjög sérstæð vertækni.

Víða á rannsóknarsvæðinu mátti sjá afleiðingar smáskriðna eða spýja sem runnið hafa niður hlíðina úr fjallinu. Engin þeirra var stór, en hugsanlega hafa þær verið nægilega truflandi til þess að bærinn var færður á núverandi stað þar sem hann stendur hærra á smáhól sem skriðurnar hafa ekki náð til. Á myndum 2 og 4 má t.d. sjá smáskriðu sem fallið hefur að yngri skálanum norðanverðum, en ekki í gegnum vegginn. Einnig má sjá smáskriðu á mynd 29, rétt ofan við sýnatökustað nr. 84. Allar þessar nefndu skriður hafa fallið fyrir 1362. Líklega hefur skriðum fjöldað eftir að skógarinn hafði verið ruddur í kringum bæjarstæðið þegar ræturnar bundu ekki niður jarðveginn og hann skriðugjarnari fyrir bragðið.

